



Yfir 600 unglingar taka þátt í hæfileikakeppninni Skrekk sem fer fram í Borgarleikhúsinu. Sýna ungmennina frumsamin atriði fyrir hönd skóla sinna. Spreyta þau sig í leiklist, söng, dans, hljóðfæraleik og annarri sviðsvinnu. Annað undanrásakvöldið af þremur fór fram í gær en úrslit lágu ekki fyrir áður en blaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Freista þess að afla Play 1.700 milljónir króna

VIÐSKIPTI Verðbréfafyrirtækið Íslensk verðbréf, sem heldur utan um fjármögnun á hinu nýstofnaða flugfélagi Play, fundar þessa dagana með ýmsum innlendum fjárfestum í því skyni að afla félaginu um 12 milljónir evra, jafnvirði um 1.700 milljóna króna, í aukað hlutfé.

Jóhann M. Ólafsson, framkvæmdastjóri ÍV, segir að hins vegar sé „búið að tryggja grunnfjármögnun að uppfylltum vissum fyrirvörum og skilyrðum, svo sem endanlegri veitingu flugrekstrarleyfis“. Hann vill ekki tjá sig um heildarupphæðina en segir hana blöndu af hlutfé og lánsfé.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er stærstur hluti fjármögnunarinnar, eða í kringum 40 milljónir evra, í formi lánsfjár, með breytirétt í hlutfé, frá breskum fjárfestingarsjóði. – thf, hvj / sjá Markaðinn

Allt sparifé sogast inn í kerfið

Fjárfestar hafa áhyggjur af stækkun lífeyrissjóða. Lífeyriskerfið taki til sín megnið af sparnaði hagkerfisins sem dragi úr virkni hlutabréfamarkaðar. Afskráningar taldar líklegri en nýskráningar á næsta ári.

VIÐSKIPTI Lífeyrissjóðir hafa á undanförunum árum dregið úr eign sinni í innlendum hlutabréfasjóðum og á sama tíma hefur almennum fjárfestum á hlutabréfamarkaði fækkað. Þannig er minna fjármagn á hlutabréfamarkaðinum í virkri stýringu sem gerir það að verkum að markaðurinn virkar ekki sem skyldi, að sögn einkafjárfesta og verðbréfasjóða.

„Það eru mjög fáir virkir fjárfestar að færa sig á milli félaga eftir því sem möguleikar eða forsöndur breytast. Ef við hugsum dæmið til enda þá verðum við með kapítalískt kerfi án kapítalista þar sem embættismenn stýra fyrirtækjunum. Við þurfum fleiri hluthafa sem hætta sínu sjálfsafslá en kerfið í

dag er þvert á móti að stækka lífeyrissjóðina enn frekar,“ segir Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, í samtali við Markaðinn.

Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði, segist ekki hafa miklar áhyggjur af veltunni. „Heilt yfir hefur veltan verið ágæt á innlenda markaðinum og seljanleiki á bréfum flestra skráðu félaganna verið vel ásættanlegur. Það er mikilvægt að hafa góðan seljanleika og skilvirka verðmyndun en ég held að við stöndum ágætlega að vígi varðandi hvort tveggja,“ segir Davíð.

„Fáir aðilar og gríðarstór og dreifð eignasöfn gera það að verkum að lífeyrissjóðirnir eru ekki sérstaklega virkir þátttakendur á íslenskum

Við þurfum fleiri hluthafa sem hætta sínu sjálfsafslá en kerfið er í dag þvert á móti að stækka lífeyrissjóðina enn frekar.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar

hlutabréfamarkaði,“ segir Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarmaður í VÍS.

„Allt sparifé landsmanna sogast inn í lífeyrissjóðakerfið,“ útskýrir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og aðaleigandi Brims. „Þar er allur sparnaðurinn og það er áhyggjuefni ef sjóðirnir verða afl í samfélaginu sem þolir enga skoðun.“

Frjálsari ráðstöfun á séreignar-

sparnaði og skattaávilnanir vegna fjárfestingar í hlutabréfum, eins og lagt er til í Hvítbókinni um fjármálakerfið, gætu vegið upp á móti lítilli virkni á markaðinum. Þá eru vonir bundnar við það að Ísland verði gjaldgengt í vísitölur stærsta vísitölufyrirtækis heims á næsta ári.

Viðmælendur á fjármálamarkaði telja sumir meiri líkur á afskráningum félaga í Kauphöllinni en nýskráningum á næsta ári. „Það hlýtur að vera að fjárfestar, sem fá ekki þann aðgang að fjármagni sem hlutabréfamarkaður á að veita þeim en eru hins vegar með alla upplýsingaskylduna, velti fyrir sér hvort það sé þess virði að hafa fyrirtækin áfram skráð,“ segir Heiðar.

– þfh / sjá Markaðinn

Fræðsla Íslandsbanka



Barneignir og fjármál

7. nóvember


12:00–12:45

Norðurtun, 9. hæð

islandsbanki.is/vidburdir



Veður



Austlæg átt 3-10 m/s. Snjócoma SA-til, annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Hiti kringum frostmark, en frost 0 til 5 stig á N- og A-landi í dag. **SJÁ SÍÐU 14**



Hleðslustöðvar fyrir rafbíl má finna víða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lyklar virki alls staðar

SAMGÖNGUR Rafbílasamband Íslands er tilbúið að gefa eftir kröfu um að ekki þurfi aðgangslýkla frá orkufyrirtækjum til að hlaða rafbíl í skiptum fyrir að lykll frá einu fyrirtæki virki á allar hleðslustöðvar. Orkufyrirtækin hafa nú skilað inn umsögnum um breytingar á reglugerð um raforkuviðskipti.

Í reglugerðinni er ákvæði um að allar hleðslustöðvar séu aðgengilegar almenningi. Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, sem á Orku náttúrunnar, segir að það þýði að hægt sé að halda núverandi fyrirkomulagi, þar sem þarf sérstakan lykil frá ON til að hlaða. Dýrt sé að koma upp búnaði til að lesa greiðslukort.

Í umsögn Ísorku segir hins vegar að það þurfi ekki að ráðast í dýrar breytingar til að gera hleðslustöðvum kleift að lesa greiðslukort, til þess þurfi aðeins vottaðar hugbúnaðarlausnir. Vilja þeir að það sé gert skýrt að rafbílaeigendur geti hlaðið bílana sína án þess að þurfa að skrá sig fyrir lykli.

Jóhann G. Ólafsson, formaður Rafbílambandsins, segir að þar sé vilji til að miðla málum. „Við erum alveg sátta við að hver og einn gefi út sinn lykil, en þá verða þeir að ganga alls staðar,“ segir Jóhann. Líkt sé nú í undirbúningi í Bretlandi og víðar í Evrópu. – ab

Finnur Dellsén hlaut Hvatningarverðlaunin



Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs voru afhent við hátíðlega athöfn á Rannsóknþingi Rannís í gær. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, afhenti Finni Dellsén, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, verðlaunin fyrir árið 2019. Hvatningarverðlaunin eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON



Þyrta Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja sjúkraflug til Egilsstaða

EGILSSTAÐIR Mjög alvarleg staða getur komið upp ef útköll í sjúkraflug koma á sama tíma á mismunandi landsvæðum, segir bæjarráð Fljótshéraðs. Aðeins ein sjúkraflugvél er starfrækt á landinu, gerð út frá Akureyri. „Bæjarráð Fljótshéraðs áréttar að brýnt er að komið verði upp aðstöðu fyrir hluta útgerðar þyrslusveitar Landhelgisgæslunnar á Egilsstaðaflugvelli eða að þar verði staðsett sérstök sjúkraþyrta til að sinna bráðatilfellum á þessu landsvæði,“ segir í bókun. – gar

Leggjast á eitt og safna fé til góðgerðarmála

Gott mál, góðgerðardagur Hagaskóla, verður haldinn á morgun. Nemendur safna peningum til styrktar Landvernd og Bjartri sýn. Dagurinn er haldinn í ellefta sinn og hafa fjölmörg málefni verið styrkt um rúmar tuttugu milljónir.

SAMFÉLAG „Allir krakkarnir í skólunum leggjast á eitt og safna peningum til góðgerðarmála,“ segir Anna Fríða Ingvarsdóttir, nemandi í níunda bekk í Hagaskóla. Hún tekur þátt í góðgerðardegi skólans, Gott mál, og er bæði í nemendaráði og fjölmiðlanefnd.

„Dagurinn er haldinn á morgun og í ár ætlum við að safna peningum til styrktar Landvernd og Bjartri sýn,“ segir Anna Fríða. „Í fyrra söfnuðum við tveimur til þremur milljónum og frá því að Gott mál var haldið í fyrsta sinn fyrir ellefu árum höfum við safnað rúmlega tuttugu milljónum.“

Gott mál verður haldið í húsnæði skólans á milli klukkan 16 og 19 á morgun og eru allir velkomnir. Í boði verða ýmsar uppákomur sem nemendurnir hafa lagt mikinn metnað í.

„Það taka allir þátt en það er misjafnt hvað hver gerir. Tiundi bekkur sér til dæmis alltaf um draugahús sem er sett upp í kjallaranum og svo ákveður hver bekkur hvað hann vill gera,“ segir Anna Fríða.

„Það eru margir bekkir með kaffihús í sínum stofum þar sem er selt kaffi og kókur sem við höfum bakað eða fengið í styrki. Áttundi bekkur er með gang þar sem er jólaþema og einn bekkur selur pitsur og sjeik,“ bætir hún við.

„Svo geta þeir sem hafa áhuga á tónlist eða söng verið með tónlistaratriði og aðrir með listsýningar. Fólkborgar sig þá inn á sýningarnar og getur keypt listaverkin,“ segir Anna Fríða.

Hún segir stemninguna í skólunum dagana í kringum góðgerðardaginn vera skemmtilega og bætir



Anna Fríða er spennt fyrir góðgerðardeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það sem við lærum aðallega á þessu er það að gefa út í samfélagið.

Anna Fríða Ingvarsdóttir, nemandi í Hagaskóla

við að krakkarnir læri mikið á því að halda Gott mál. „Það sem við lærum aðallega á þessu er það að gefa út í samfélagið,“ segir Anna Fríða. „Að það snúist ekki allt um að við þurfum nýjan iPad eða tölvu heldur að við getum gert eitthvað gott og með því að halda þennan

dag finnum við að við getum hjálpað.“

Aðspurð að því hvernig nemendurnir völdu hvaða málefni skyldi styrkja segir Anna Fríða að allir nemendur hafi getað komið með hugmyndir og svo hafi farið fram kosning. „Við styrktum Bjartri sýn líka í fyrra. Þau reka munaðarleysingjaheimili í Kenía,“ segir hún.

Fyrir þá upphæð sem Hagskælingar gáfu samtökunum í fyrra var opnaður skóli fyrir skjólstaðinga Bjartrar sýnar. „Núna eru þau systurskólinn okkar og við ætlum að styrkja þau næstu árin. Landvernd var svo valið því við vorum öll sammála um það hversu mikilvægt er að vernda landið okkar og náttúruna,“ segir Anna Fríða.

birnadrofn@frettabladid.is

HVAÐ KÝST ÞÚ?

31. okt – 14. nóv

hverfidmitt.is

+PLÚS



Fjör á Skrekk

Einbeitingin skein af hverju andliti þegar Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við á annað undanrásakvöld hæfileikakeppninnar. Yfir 600 ungmenni spreyta sig í margs konar sviðslistum og leggja allt í sölurnar.



Vinkvennakvöld Garðheima

— ★ ★ ★ —

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 6. NÓVEMBER FRÁ KL 19:00 - 22:00
KVÖLD HLAÐIÐ INNBLÆSTRI, JÓLATILHLÖKKUN, GLEÐI OG FEGURÐ.



20%

af öllum vörum yfir allan daginn
og um kvöldið

BLÓMASKREYTTAR OG STÍLISTAR GARÐHEIMA VERÐA MEÐ
GLÆSILEGAR SÝNIKENNSLUR OG SÝNA NÝJUSTU
STRAUMA OG STEFNUR Í JÓLASKREYTINGUM.

- ◇ EVA OG SALBJÖRG TÖFRA FRAM LJÓSAKREYTINGAR
- ◇ REGÍNA OG JÓHANNA GERA JÓLASKREYTINGAR
- ◇ GUNNSA OG ÓLÖF ÚTBÚA ÚTISKREYTINGAR
- ◇ ÞÓRDÍS SÉR UM AÐ DEKKA JÓLABORÐIÐ

ÍSLENSKU HÖNNUÐIRNIR HEKLA, SVEINBJÖRG, FABIA,
IHANNA OG LETTERPRESS KYNNA NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR.

GÓMSÆTAR OG ÁHUGAVERÐAR KYNNINGAR
FRÁ HAFLIÐA RAGNARSSYNI, NÓA SIRÍUS, GUDRUN KONFEKT,
JAKOBS CREEK, KAFFITÁR, NICOLAS VAHE, STONEWALL KITCHEN OFL.

VEISLUSTJÓRI KVÖLDSINS
ER HINN STÓRSKEMMTILEGI
SVEINN WAAGE
SEM GLEÐUR MEÐ GLENSI OG
GLÆSILEGUM GJÖFUM
ÚR LUKKUPOTTINUM



**FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA
Í LUKKUPOTTINUM**

GJAFABRÉF
FRÁ ÍSLANDSHÓTEL FYRIR GISTINGU OG KVÖLDVERÐI



GJAFABRÉF ÚT AÐ BORÐA
FRÁ FJALLKONUNNI, APOTEK KITCHEN OG SPÍRUNNI

FJALLKONAN
KÖKA & VÖRU/SINGLAR


FJÖLDI GLÆNINGA FRÁ GARÐHEIMUM
ÍSLENSKU HÖNNUÐUNUM OG KYNNINGARABÍLUM KVÖLDSINS.



Kvöldverður á Spírunni



KOMIÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ GÓMSÆTUM KVÖLDVERÐI Á SPÍRUNNI.
SJÁ MATSEÐIL INNÁ SPIRAN.IS - OPIÐ FRÁ KL FRÁ 17:30 - 22:00



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Birta vottorð albönsku konunnar: „Ætti erfitt með langt flug“ Í vottorði lækna segir að konan ætti erfitt með langt flug.

2 Sigga Dögg: „Hvað finnst konum um typpi“ Kynfræðingurinn Sigga Dögg vill útrýma mýtum og kanna viðhorf til typpa.

3 Árásin gróf og harkaleg: Veitti stúlkunni mörg högg og stappaði á andliti Árás gegn fyrrum kærustu gróf og harkaleg.

4 Steinunn Ólína skýtur föstum skotum: „Mun allt fara til andskotans“ Steinunn svarar gagnrýni tæplega hundrað kvemma.

5 Vísað úr landi á áttunda mánuði Albanskri fjölskyldu var vísað úr landi í gærmorgun.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar.

Milljarðar til nýrra leikskóla

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hyggst leggja 2,7 milljarða króna á næsta ári í byggingu nýrra leikskóla til að brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla. Frumvarp um lengingu fæðingarorlofs gerir ráð fyrir að börn séu almennt komin á leikskóla við tólf mánaða aldur.

„Það er okkar framlag í þessum breytingum,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs. „Við vitum hversu mikið forgangsefni það er fyrir foreldra að geta treyst á leikskóla borgarinnar og þurfa ekki að standa í alls kyns reddingum fyrstu mánuði eftir að fæðingarorlofi lýkur.“ – ab

Samstæðan verði rekin með 13 milljarða afgangi

REYKJAVÍK Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar verður jákvæð um 12,9 milljarða króna á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Borgarsjóður verður rekin með 2,5 milljarða afgangi. Fyrri umræða um áætlunina fór fram í borgarstjórn í gær.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir samdrátt í efnahagslífinu krefja borgina til að vera á varðbergi. „Við mætum samdrætti með traustri fjármálastjórn, hóflegri hagræðingarkröfu og metnaðarfullri



Fjárhagsáætlun rædd borgarstjórn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fjárfestingaráætlun borgarsjóðs og borgarfyrrtækja,“ segir Dagur.

Í greinargerð með áætluninni kemur fram að þar sem kjarasamningar stórs hluta starfsmanna borgarinnar séu lausir ríki óvissa um þróun launakostnaðar. Þá munu gjaldskrárhækkanir ekki verða umfram 2,5 prósent eins og Samband sveitarfélaga hefur mælt til sem hluta af lífskjarasamningnum.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisanna, gagnrýnir hins vegar áframhaldandi skuldaföfnun

» Oddviti Sjálfstæðisanna gagnrýnir áframhaldandi skuldaföfnun borgarinnar.

borgarinnar. „Forsendur meirihlutasáttmálans og Viðreisnar eru því brostnar,“ segir Eyþór.

Sjálfstæðismenn vilja að Gagna-veita Reykjavíkur verði seld og sölu- andvirðið nýtt til skuldalækkunar.

– sar

Ræða breytta forgangsröðun við breytingar á stjórnarskrá

Formenn stjórnarmálaflokkanna íhuga nú að setja umbætur á ákvæðum um dómvald í stjórnarskrá í forgang. Vísa til viðhorfa almennings. Ákvæði um þjóðkirkju kynnt um áramót og ákvæði um forseta á vormánuðum. Nokkur hundruð manns ræða stjórnarskrármál í Laugardalshöll um komandi helgi.

STJÓRN MÁL Formenn stjórnarmálaflokkanna íhuga nú að setja umbætur á ákvæðum um dómvald í stjórnarskrá í forgang en áður var fyrirhugað að breytingar á þeim kafla stjórnarskrár yrðu endurskoðaðar á næsta kjörtímabili auk kafla um Alþingi og alþingiskosningar, mannréttindi og fleira. Á fundi formanna í október átti forsætisráðherra frumkvæði að umræðu um hvort setja ætti breytingar á dómstólaákvæðum stjórnarskrárinnar í forgang og vísaði til skoðanakönnunar um stjórnarskrármál sem stjórnarráðið lét framkvæma og leiddi í ljós að almenningur setji umbættur á ákvæðum um dómvald í mikinn forgang.

Formenn hafa hist að jafnaði einu sinni í mánuði á kjörtímabilinu og hefur eitt frumvarp verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda, um umhverfisvernd og náttúruauðlindir.

„Við erum komin mjög langt með vinnu við þessi tvö ákvæði og tilþöglulega vel á veg komin með ákvæði um forseta og framkvæmdarvald,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún segir hópinn nú biða eftir að sjá niðurstöður þeirrar rök-ræðukönnunar sem fer fram um helgina.

Einnig hefur verið rætt um þjóðaratkvæði og um framsal valdheimilda en sú vinna sé styttra á veg komin þótt hið síðarnefnda hafi reyndar verið rætt töluvert.

Á fundi hópsins í október var einnig rætt um drög að frumvarpi



Formenn stjórnarmálaflokka sem sæti eiga á þingi hafa hist reglulega á kjörtímabilinu til að ræða breytingar á stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

um stöðu íslenskrar tungu í stjórnarskrá og samþykkt að vísa því í opið samráð. Frumvarpið byggir á hugmynd sem kom fram í meðferð frumvarps stjórnlagaráðs á Alþingi og á fyrirmynd í ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og kveður á um að íslenska sé þjóðtunga á Íslandi og ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda.

Katrín segist stefna að því að ákvæði um þjóðtunga verði kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í kring um áramót en tillögur um breytingar á ákvæðum um forseta og framkvæmdarvald á vormánuðum.

Um elstu ákvæði stjórnarskrárinnar er að ræða sem litlum sem

engum breytingum hafa tekið frá lýðveldisstofnun.

Hafa formennirnir rætt drög að frumvarpi á þremur síðustu fundum sínum en frumvarpsdrögin samdi Skúli Magnússon, dósent og héradsdómari. Frumvarpsdrögin hafa ekki verið birt en umræður meðal formanna lúta meðal annars að því hvort auka eigi pólitískt hlutverk forseta við stjórnarmyndanir og hvort ástæða sé til að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um ábyrgðarleysi forseta. Einnig hafa formenn rætt um mögulegar breytingar á ákvæðum um þingrof og lærdóma sem draga mætti af þróun til dæmis í Bretlandi. adalheidur@frettabladid.is

Fjöldafundur um stjórnarskrá í Laugardalshöll

Tveggja daga rök-ræðukönnun um endurskoðun stjórnarskrárinnar fer fram í Laugardalshöllinni um komandi helgi. Framkvæmdin er í höndum Félagsvísindastofnunar Íslands og gert er ráð fyrir 200 til 300 þátttakendum en þeir eru valdir úr hópi þeirra 2.000 sem tóku þátt í fyrrnefndri skoðanakönnun.

Umræðan fer fram á 25 til 30 borðum undir stjórn umræðustjóra. Rætt verður um fjölda málefna; um embætti forseta, þjóðaratkvæðagreiðslur, Landsdóm, kjördæmaskipan, atkvæðavægi, alþjóðlegt samstarf og fleira. Að umræðum loknum svara sérfræðingar spurningum sem upp hafa komið í umræðunum. Spurningalistar verða lagðir fyrir þátttakendum bæði fyrir og eftir umræðurnar. „Þannig er hægt að greina hvort og þá hvernig viðhorf fólks breytast við það að ræða rök með og á móti ýmsum tillögum,“ segir Guðlaug Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar. Í kjölfarið verði unnin skýrsla um greiningu á könnununum og umræðum fundarins.

EKKI MISSA AF ÞESSU!

AFMÆLISKVÖLD Á BÍLDSHÖFÐA

FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ MILLI KL. 19:00-22:00 Í KVÖLD

AÐEINS Í VERSLUN OKKAR AÐ BÍLDSHÖFÐA 20

VEGLEGIR GJAFAPOKAR FYRIR HEPPNA VIÐSKIPTAVINI



ICELANDAIR × WAVES

SÍÐAN 1999

Nú eru liðin 20 ár síðan Icelandair stóð fyrir tónleikaviðburði í flugskýli á Reykjavíkflugvelli. Við þessar fábrotnu aðstæður steig Iceland Airwaves sín fyrstu skref. Við erum stolt af því að hafa frá upphafi verið aðalbakhjarl þessarar mögnuðu hátíðar sem kynnir ferska tónlist fyrir heimsbyggðinni.

Komið og fagnið með okkur á tónleikastað Icelandair í Listasafni Reykjavíkur, og á stórtónleikum Of Monsters and Men í Valshöllinni. Sjáumst hress!



Miðvikudagur 6. nóvember

Listasafn Reykjavíkur

20:00 – Kælan Mikla
21:00 – aYia
22:10 – Orville Peck
23:20 – Une Misère

Fimmtudagur 7. nóvember

Listasafn Reykjavíkur

19:50 – Briet
20:50 – Georgia
21:50 – Hjaltalín
23:00 – Mac DeMarco

Föstudagur 8. nóvember

Listasafn Reykjavíkur

19:50 – Hildur
20:50 – Anna of the North
21:50 – Mammút
22:50 – Hatari
00:00 – Booka Shade

Laugardagur 9. nóvember

Listasafn Reykjavíkur

20:30 – Penelope Isles
21:30 – Auður
22:30 – Seabear
23:40 – Whitney
01:00 – Biggi Veira
(GusGus DJ Set)

Valshöllin

19:30 – Daði Freyr
20:25 – Agent Fresco
21:25 – Chai
22:35 – Vök
23:45 – Of Monsters and Men

ICELAND
AIRWAVES

#SpiritofIceland #IcelandAirwaves

ICELANDAIR





Fögnum með Megasi

Útgáfuhóf í Ægisgarði, Eyjarlóð 5 í Reykjavík
fimmtudaginn 7. nóvember kl. 17.00

Megas tekur lagið | Magga Stína les upp
Tilboð á barnum og stemning í anda skáldsins
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Meistaraverk Megasar, **BJÖRN OG SVEINN**, er loksins fánlegt aftur. Bókin sem bókmenntaelítan hafnaði árið 1994 á meira erindi en nokkru sinni, á MeToo-tímum. Marglaga Íslandssaga sögð af hugrekki og með mergjuðu tungutaki sem á sér engan sinn líka.



Skáldsagan **BJÖRN OG SVEINN** rekur ferðalag feðga tveggja um næturlíf og undirheima Reykjavíkur og fýsnir þeirra grimmar. Þótt þeir séu á ferð í nálægum samtíma, liggja rætur þeirra þó djúpt í íslensku fortíð og sagnasjóði, þar sem eru feðgarnir Axlar-Björn og Sveinn skotti á 16. og 17. öld. Aukheldur telja þeir til frændsemi við öllu frægari kumpána losta og glæpa, ekki síst þann Don Juan sem helst á óperu Mozarts, Don Giovanni, líf sitt að þakka.



Ylrækt hefur lengi verið stunduð á Íslandi. Myndin er úr gróðurhúsi Lambhaga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Risagróðurhús þyrfti orku Blönduvirkjunar

Paradise Farm þarf raforku sem samsvarar hámarksafli Blönduvirkjunar ef áform um 500 þúsund fermetra gróðurhús verða að veruleika. Talsmaður segir að leggja þyrfti í miklar fjárfestingar til að flytja raforkuna að stöðinni.

ORKUMÁL Risavaxið ylræktarver Paradise Farm sem nú er verið að kanna hvort risið geti í Ölfusi myndi fullbyggt þurfa 150 megavött af raforku. Það samsvarar hámarksafköstum Blönduvirkjunar.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda og einn aðstandenda Paradise Farms, segir ýmsa raforkusala koma til greina. „Menn eru talsvert áhugasamir,” svarar Gunnar um viðbrögð raforkusala til þessa.

„Það er til talsverð orka inni á kerfinu en það er bara spurning hvar er hægt að nota hana,” bætir Gunnar við og útskýrir að ýmis tæknileg atriði þurfi að leysa varðandi flutning á raforku fyrir starfsemi Paradise Farms og að það muni kosta miklar fjárfestingar.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær standa erlendir fjárfestar



Menn eru talsvert áhugasamir.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda

að Paradise Farm. Ætlunin er að byrja starfsemi á tíu hekturum undir glerþaki og stækka síðan á endanum upp í fimmtíu hektara – eða 500 þúsund fermetra. Rækta á ýmiss konar grænmeti og ávexti með áherslu á útflutning.

Gefur augaleið að umsvifin yrðu gríðarleg. Aðspurður um ljósmengun segir Gunnar að reynt yrði að draga úr henni eins og mögulegt sé með tjöldum fyrir ofan ljósin. Ekki myndi stafa önnur mengun frá starfsemi.

„Í nýjum stöðvum er hringrásar-

kerfi þannig að það er alltaf verið að nýta sama áburðarvatnið og ekki verið að setja það út í náttúruna,” segir Gunnar. Talsvert afrennsli af volgu vatni mætti nýta í landeldi á fiski sem áhugi sé fyrir að koma á laggirnar í Ölfusi. „Svo þurfum við að vinna í að breyta kolsýrunni sem kemur úr Helliðarvirkjun í kolefni sem við gætum notað við ræktunina og gert virkjunina umhverfisvænni í leiðinni.“

Að sögn Gunnars var hann ekki mjög trúður á verkefnið í byrjun. „En eftir því sem maður skoðar þetta meira er þetta alltaf að verða fýsilegra.

Fyrst þetta er hægt í landlausu landi eins og Hollandi þar sem menn reisa svona garðyrkjustöðvar án þess að blikna, hvers vegna ætti það þá ekki að vera mögulegt hér?“
gar@frettabladid.is

Setur strík í reikninginn hjá Trump

BANDARÍKIN Rúmlega tveir þriðju Bandaríkjamanna telja sig ekki betur stadda fjárhagslega í dag en áður en Donald Trump varð forseti Bandaríkjanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar dagblaðsins Financial Times og Peter G. Peterson-stofnunarinnar.

Alls segja 31 prósent Bandaríkjamanna sig vera verr stadda fjárhagslega í dag en þegar Trump varð forseti í byrjun árs 2017. Þá segja 33 prósent stöðuna vera eins. Svo segja 35 prósent að staðan sé betri.

Niðurstaðan vekur efasemdir um að efnahagsstaða Bandaríkjanna verði vatn á myllu Trumps í forsetakosningunum á næsta ári. Í hugum hins almenna borgara vega persónuleg fjármál þyngra en framkoma forsetans. Margir kjósendur Vestanhafs fá fréttir helst í gegnum staðarmiðla, þar sem misdjúpt er fjallað um embættisfærslur forsetans. Samkvæmt nýrri könnun PEW treysta Bandaríkjamenn frekar staðarmiðlum en stærri fjölmiðlum.

Fram til þessa hefur verið talið að Trump ætti góðan möguleika á endurkjöri. Staða hans er sterk á samfélagsmiðlum og efnahagurinn er á góðri siglingu, verg landsframleiðsla jókst um 1,9 prósent á þriðja fjórðungi þessa árs.

„Besti efnahagur í sögu Bandaríkj-



Efasemdir eru um að góð efnahagsstaða verði vatn á myllu Trumps í forsetakosningunum á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

anna!“ sagði Trump í tísti. Þetta tíst, og fleiri ummæli í þá veru, benda til að sterkur efnahagur verði grundvallarstefið í komandi kosningarbaráttu.

Djúp gjá er á milli Demókrata og Repúblikana í könnuninni. Segja talsvert fleiri Demókratar en Repúblikanar að efnahagur þeirra sé eins í dag og áður en Trump tók við. Eru Demókratar talsvert líklegri til að lýsa stöðunni sem versnandi og öfugt.


Financial Times hefur eftir Larry Sabato, forstöðumanni stjórnmálafræðistofnunar Virginíuháskóla, að

það sé helst stríð eða stór uppákoma sem trompi efnahaginn í kosningunum. „Í þessu tilfelli er það persóna Donalds Trump sem trompar efnahaginn,” segir Sabato.

Niðurstöður könnunarinnar benda til að það séu helst lág laun sem trufli kjósendur. Söguðu 36 prósent að tekjur þeirra væru helsta vandamálið, 19 prósent sögðu það skuldir. 39 prósent sögðu að tekjur þeirra hefðu batnað. Eru það helst háskólamenntaðir karlmenn sem eru jákvæðir um efnahag sinn undir stjórn Trumps.

arib@frettabladid.is

+PLÚS



Æsispennandi kappreiðar á hinu þekktu Melbourne-bikarmóti á Flemington-skeiðvelli í borginni Melbourne í Ástralíu.

Christine Lagarde ræddi við fjölmiðla er hún mætti til starfa á fyrsta degi sem nýr bankastjóri Seðlabanka Evrópu í Frankfurt í Þýskalandi. Lagarde stýrði áður Alþjóðagjald-eyrissjóðnum.



Lindsay Hoyle, nýr þingforseti neðri deildar breska þingsins, var brosmildur í gær. Hoyle, sem er þingmaður Verkamannaflokksins, hét því að vinna af óhlutdrægni og með gagnsæi sem forseti.




Vegfarendur í gríðarlegri loftmengun við India Gate-minnisvarðann um óþekktan hermanninn, sem stendur við Rajpath-breiðgötuna í Nýju-Delí á Indlandi. Hæstiréttur Indlands fyrirskipaði í gær bændum í nágrenni Nýju-Delí að hætta að brenna kornstönglastubba á ökrum sínum. Mengunarmet hafa verið slegin í höfuðborginni, skólum lokað og íbúar hvattir til inniveru.



Mótmælendur gærdagsins í Tsim Sha Tsui-hverfinu í Hong Kong, Kína, skörtuðu margir 'Guy Fawkes'-grímunum sem tengdar eru samtökunum Anonymous. Mótmælin í borginni hafa nú staðið í fimm mánuði. Xi Jinping, forseti Kína, hefur stutt dyggilega við bakið á Carrie, stjórnarformanni heimastjórnar Hong Kong.

ÓMISSANDI LESTUR!



TILBOÐSVERÐ:
4.999.-
Verð:
6.999.-

BÓKADÓMUR
★★★★★
-MBL

„Tregasteinn er snilld ...
enn eitt meistarastykki Arnaldar.“
SG / Morgunblaðið

Tregasteinn

Áhrifamikil og óvægin saga um skömm og örvæntingu eftir metsöluhöfund Íslands.
Bók um eftirsjá og langvarandi bergmál illra verka.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 7. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

ENDURSKOÐANDI

Við viljum ráða löggiltan endurskoðanda til að stýra fjármáladeild **PLAY** og hafa umsjón með fjármálum og starfsmannahaldi hennar. Heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

TALNAGLÖGGVARI

Okkur vantar greinanda sem elskar tölur og skýrslur. Mun gegna lykilhlutverki við kostnaðaraðhald og tekjustýringu **PLAY** ásamt því að sinna innleiðingu viðskiptagreindar.

BÓKARAR

Við viljum ráða bókara til að sjá um afstemmingar og skil á skilgreinum og skýrslum, auk annarra starfa á fjármálasviði **PLAY**. Ást á bókfærslu og Navison koma sér vel.

GJALDKERI

Við leitum að nákvæmum gjaldkera til að sjá um greiðslu reikninga, uppgjör, skráningar og innheimtu hjá **PLAY**. Öll reynsla af sambærilegum störfum kemur í góðar þarfir.



FLUGMENN

PLAY vantar fólk til að fljúga fínu Airbus vélunum milli áfangastaða. Fyrst um sinn koma eingöngu til greina þau sem eru með Airbus-réttindi, en þið hin megið líka láta vita af ykkur.

FLUGLIÐAR

Flugliðar allra landa sameinist — hjá **PLAY**. Okkur vantar brosandir flugliða, bæði næsta sumar og eins í framtíðarstörf. Fyrsti hópurinn hefur störf strax í desember.

FLUGUMSJÓN

Okkur vantar úrræðagott fólk í flugumsjón til að stýra flugáætlunum **PLAY**. Ef þú elskar vaktavinnu og áætlanagerð og dýrkar Keflavíkurflugvöll, þá er þetta rétta starfið.

FORSTÖÐUMAÐUR

PLAY vantar yfirburða sölu- og markaðsstjóra. Metnaðarfullan, drífandi einstakling, helst með skoðing og meirapróf í ferðabransanum, sem þarf að geta selt öllum allt.

SÖLUSÉNI

Áttu auðvelt með að sannfæra fólk? **PLAY** leitar að hugmyndaríkum og söludrífnum einstaklingi með einstaklega góða skipulagshæfileika í starf sölusérfræðings.

VEFMÁLARI

PLAY vantar skipulagðan og metnaðarfullan þúsundþjalasmið, til að sinna öllu sem viðkemur vefnum okkar, sjá um ritstjórn og bera ábyrgð á textagerð á netinu.

ORÐSNILLINGUR

Við leitum að orðheppnum og sérlega hugmyndaríkum textasmið, með auga fyrir smáatriðum og gott vald á íslensku og ensku, til að demba sér í skrif hjá sölu- og markaðsdeild **PLAY**.

ÞJÓNUSTUHETJUR

PLAY leitar að jákvæðum þjónustufulltrúum til að ræða við viðskiptavini á samfélagsmiðlum, í pósti og netspjalli. Bæði í dagvinnu og eins hlutastörf á kvöld- og helgarvaktir.



MARKAÐSGÚRÚ

Við leitum að orkubolta til að sinna markaðsmálum **PLAY**, plana viðburði, setja samfélagsmiðla reglulega á hliðina og taka virkan þátt í uppbyggingu á öflugum vörumerkjum félagsins.

PLAY KOMDU ÚT AÐ LEIKA!

PLAY er nýtt, íslenskt lággjaldaflugfélag á leiðinni í loftið. Við ætlum að fljúga til skemmtilegra áfangastaða á nýlegum Airbus flugvélum með stundvísi, gleði og hagstætt verð að leiðarljósi. Þess vegna viljum við bæta hressilega í hópinn og fá góðan liðsauka til að ræsa hreyflana.

Sendu inn umsókn fyrir lok dags 13. nóvember, á flyplay.com/jobs. Þar eru allar nánari upplýsingar um störf. Ef þú sérð ekki draumastarfið getur þú sent inn almenna umsókn. Kannski finnum við eitthvað til að gera saman.

Út með það gamla?



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Gamalt og rótgróið fyrirtæki sem flestir Reykvikingar þekkja skellti í lás í vikunni. Björnsbakari lokaði dyrum sínum við Fálkagötu 18 í Vesturbæ Reykjavíkur eftir áratuga rekstur. Þriðja útibúið sem fyrirtækið lokar á undanförunum tveimur árum. Breyttar neysluvenjur og aukin samkeppni voru ástæður þess að reksturinn gekk ekki upp, að sögn eigenda fyrirtækisins.

Neysluhættir fólks hafa breyst svo um munar á undanförunum árum og eru tilefni til vangaveltna. Sennilega hefur vakning um heilsusamlegt mataræði spilað inn í þá staðreynd að Björnsbakari heltist úr lestinni en á sama tíma spretta ný bakari á borð við Brikk og Brauð & Co eins og gorkúlur í hverju hverfinu á fætur öðru. Hverju sætir?

Kannski spila vinsældir samfélagsmiðla eins og Instagram rullu. Eins dapurlega og það kann að hljóma þá þurfa fyrirtæki að takast á við þann raunveruleika að hið gamalgróna er ekki endilega komið til að vera.

En hver er munurinn á rekstri þessara fyrirtækja? Annað er gamalt, hitt er nýtt. Bæði bjóða upp á sürdeigsbrauð og kanilsnúða, á meðan aðeins annað þeirra nýtir sér stafræna markaðssetningu og samfélagsmiðla. Þó ekki sé hægt að fullyrða um að samfélagsmiðlar hafi gert út af við Björnsbakari þá má velta fyrir sér breyttu umhverfinu.

Neytendur verða stöðugt kröfuharðari og fara fram á meira úrval, meiri gæði – og síðast en ekki síst myndræna framsetningu sem samræmist svokallaðri glansmynd sem margir viðhafa á netinu. Samhliða þessu þarf þjónustan að vera hágæða og vöruverð lágt. Hugsanlega verða þessar kröfur fyrirtækjum ofvíða.

Það liggur fyrir að fyrirtæki sem ekki fylgja stefnum og straumum hvers tíma eiga erfitt uppdráttar, ólíkt því sem tíðkaðist áður fyrir, þegar orðsporid eitt og sér dreif þau áfram og flutti fjöll. Núna hins vegar þurfum við að takast á við þá staðreynd að rykmoppur, matarolíur og maskarar rjúka út sem aldrei fyrir með tilkomu áhrifavalda á Instagram. Ásókn í veraldleg gæði eykst stöðugt og almenningur virðist nánast varnarlaus gagnvart taumlausum auglýsingunum sem sækja á úr öllum áttum.

Breytingar þurfa þó ekki að vera af hinu slæma enda hafa samfélagsmiðlar tengt neytandann og fyrirtækin betur saman. Hins vegar hefur gagnrýnin hugsun sjaldan verið eins mikilvæg, ekki síst vegna ákalls um breyttan lífsstíl og minni neyslu, og tímabært að staldra við og hugsa hvort raunveruleg þörf sé á nýjum andlitsmaska eða annarri flik í skápinn.

Það er staðreynd að neysluhyggja hefur færst í aukana en með upplýstri umræðu og vitundarvakningu er hægt að sporna við þeirri þróun. Tækifærin í breyttu samfélagi eru endalaus. Grípum þau og nýtum til jákvæðra verka.



Eins dapurt og það kann að hljóma þá þurfa fyrirtæki að takast á við þann raunveruleika að hið gamalgróna er ekki endilega komið til að vera.

Halldór



Frá degi til dags

Enn einn stólaleikurinn
Það er kominn annar stólaleikur í gang, nú er það næsti útvarpsstjóri. Það er ekki von á góðu enda Framsóknarmenn ekki beinlínis þekktir fyrir að stuðla að verðleikasamfélagi. Strax er byrjað að nefna einhver nöfn. Svanhildur Hólm Valsdóttir gæti gert góða hluti, en það er spurning hvort stjórnarseta í ríkisbatterii sem klúðraðist hefur eitthvað að segja. Þá er Skúli Mogensen laus þessa dagana. Þá gæti Eygló Harðardóttir verið valkostur enda vinsælt að ráða einhvern með enga reynslu af fjölmiðlum í verkefni tengt fjölmiðlum. Svo er það Karl Garðarsson, hann er með fína reynslu og réttu tengslin, þeir sem vilja sjá hvernig hann stendur sig sem stjórnandi fjölmiðils geta kikt á dv.is.

Hjálparhöndin

Útlendingastofnun er búin að reita þjóðina enn einu sinni til reiði. Nú vegna brottvísunar konu sem gengin er átta mánuði á leið. Sagði í tilkynningu til fjölmiðla að til væri vottorð frá lækni um að konan væri ferðafær. Vottorðið leit svo dagsins ljós en þar stendur: „Hún er slæm af stoðkerfisverkjum og ætti erfitt með langt flug.“ Rifjast þá upp orð dómsmálaráðherra sem sagðist vonast til að heimurinn rétti hjálparhönd ef allt færi illa á Íslandi. Einmitt. arib@frettabladid.is

Aldrei hætta að hlusta



Bergsteinn Jónsson
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Skólaárið var nýbyrjað þegar Tyrkir réðust inn í Sýrland þann 9. október. 80 þúsund börn þurftu að skilja allt sitt eftir og flýja. Náum við utan um slíkar tölur? Hjálpar það okkur að lesa að það samsvarar öllum börnum á Íslandi, 17 ára og yngri? Getum við ímyndað okkur að börnin okkar væru ekki á leið í leik- eða grunnskóla í dag því það væri ekki hægt að manna skólana með börnum? Þau hefðu bara öll fyrirvaralaust hlaupið út og haldið upp á hálandi í fullkomna óvissu.

Foreldrar í Sýrlandi vilja það sama fyrir börn sín og íslenskir. Allt það besta, öryggi og gleði. Börn í Sýrlandi vilja líka það sama og börn á Íslandi. Að fá að vera börn, læra, lifa og leika. Börn, sama hvar í veröldinni þau eru, deila réttindum til alls þessa þó allt of mörg séu svipt þeim. Meðal annars vegna stríðs, eins og í Sýrlandi. Því áralanga stríði var ekki lokið þegar Tyrkir gerðu innrás. Fyrir hana höfðu 530 börn fallið eða særst í átökum á fyrstu 6 mánuðum ársins.

UNICEF hefur verið til staðar fyrir börn á Sýrlandi frá upphafi við að tryggja öryggi þeirra og réttindi. UNICEF á Íslandi hefur verið með neyðarsöfnun frá því átökin þar hófust 2011 og blés nýju lífi í hana í síðustu viku. Með áskorun til Íslendinga um að skella ekki skollaeyrum við þessari nýju, auknu neyð. Margir virðast nefnilega haldnir neyðardoða gagnvart orðunum „ástandið í Sýrlandi“ – þar á meðal fjölmiðlar. Fréttir um það tryggja því miður fáa smelli. Það ætti ekki að vera svo, en þannig er það.

Við völdum að virkja fólk til að sýna hluttekningu og sækja sér sögu barna í Sýrlandi. Hringja í 562-6262 og bara hlusta. Síðan hefur þú val um að sýna þeim að þau skipti máli með því að senda sms-ið STOPP í númerið 1900 og gefa 1.900 kr.

Við megum aldrei hætta að hlusta, því hvert barn í neyð á sér sögu. Hverju barni má bjarga.



Við megum aldrei hætta að hlusta, því hvert barn í neyð á sér sögu. Hverju barni má bjarga.

200kr afsláttur

Fullleldað
Aðeins að hita

679 kr./800 g

Bónus Buffalo Leggír
Fullleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Stam og atvinnulífið



Margrét Kristmannsdóttir
framkvæmdastjóri PFAFF

Gera má ráð fyrir því að á íslenskum vinnumarkaði séu á bilinu 2.000-2.500 einstaklingar sem stama. Málþjörg – félag um stam gerði nýlega óvísindalega könnun meðal félagsmanna sinna þar sem fram kom að um 30% svarienda sögðust ekki vera opinská um stam við sína vinnuveitendur.

Verandi einstaklingur sem þekkir stam af eigin raun – ásamt því að vera vera móðir ungrar manneskju sem stamar og atvinnurekandi til

áratuga þá tel ég þetta óásættanlega staðreynd. Stam er reyndar oftast hundleiðinlegt, en stam er ekkert til að skammast sín fyrir og ef einstaklingur sem stamar er hálfpartinn í felum fyrir vinnuveitanda sínum þá er verk að vinna.

Það er vítað að einstaklingar sem stama eru líklegir til að stama mun meira undir álagi og atvinnuviðtal er dæmi um aðstæður sem eru líklegar til að auka stam til muna. Því er nauðsynlegt að atvinnurekendur átti sig á að líklega er einstaklingur sem stamar ekki alveg að sýna sitt rétta andlit í atvinnuviðtali. Ég hvet hins vegar fólk sem stamar til að vera strax í upphafi opinskátt um sitt stam – það eitt og sér getur dregið töluvert úr spennustigi í viðtalinu sjálfu.

Það að tala opinskátt um eigið stam sýnir hugrekki og styrk og



það eru eiginleikar sem byggja upp traust og virðingu. Við eigum að opna okkur gagnvart hugsanlegum vinnuveitanda – sýna einlægni og óttast ekki að viðurkenna

að við erum ekki fullkomin frekar en næsti maður. Þannig er líklegt að þessi veikleiki breytist í styrkleika og geri ekkert nema auka líkur á að fá starf eða aukinn starfsframa.



Stam á ekki að skilgreina nokkurn mann og má aldrei koma í veg fyrir að fólk láti drauma sína rætast.

Stam á ekki að skilgreina nokkurn mann og má aldrei koma í veg fyrir að fólk láti drauma sína rætast. Best er fyrir alla – atvinnuveitendur sem og fólk sem stamar – að stam sé uppi á borðinu. Stam „í felum“ skapar óþægilegt andrúmsloft, sem auðvelt er að koma í veg fyrir. Tölum um stam!

Kirkjan og réttindi samkynhneigðra



Solveig Lára Guðmundsdóttir
vígslubiskup á Hólum

og að baki henni var langur aðdragandi, samtal og guðfræðileg vinna. Við vorum kölluð „fjörutíu menn-ingarnir“ því upphaflega vorum við 40 prestar sem skoruðum á prestastefnu, sem haldin var á Húsavík árið 2007 að samþykka hjónavígslu samkynhneigðra og leggja það fyrir kirkjuþing. Reyndar urðum við miklu fleiri þegar á reyndi.

Barátta okkar hélt áfram allt þar til kirkjuþing loks samþykkti hjónavígslu samkynhneigðra árið 2010.

Margir spáðu klofningi innan kirkjunnar. Sá spádómur réttist aldrei.

Kirkjunnar þjónar hafa síðan gefið saman samkynja pör án nokkurra vandkvæða. Var íslenska þjóðkirkjan fyrsta kirkjan á Norðurlöndum til að ganga þetta skref til fulls. Árið 2015 var síðan lögð fyrir kirkjuþing tillaga um að presti væri ekki leyfilegt að neita því að gefa saman samkynja hjón á grundvelli þess sem kallað hafði verið „samviskufrelsi“. Er íslenska þjóðkirkjan eina kirkjan á Norðurlöndum og ef til vill eina kirkjan í heiminum öllum sem hefur gengið svo langt í að standa vörð um réttindi samkynhneigðra.

Árið 2015 tók djáknvígslu fyrsta konan sem er í hjónabandi með manneskju af sama kyni. Í ágúst árið 2017 var fyrsti presturinn vígður sem er í hjónabandi með manneskju af sama kyni. Reyndar eru djákninn og presturinn í þessu tilfelli hjón. Þær tvær eru brautryðjendur.

Í Kastljóspætti sem sýndur var á RÚV í vikunni þaðst biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, afsökunar á þeim sárindum sem kirkjan



Þáttur þjóðkirkjunnar endurspeglar fjölbreytileika hennar, sem stærstu félagsamtök þjóðarinnar.

olli samkynhneigðum á árum áður og í kjölfarið tjáði formaður Samtakanna '78 sig um það að full sátt væri gagnvart kirkjunni eftir þessa afsökunarbeiðni.

Mannréttindi og mannhelgi er grundvallarþáttur í lýðfrjálsu samfélagi. Við, ásamt fjölda annarra presta, guðfræðinga, djákna og kirkjunnar fólks, erum stolt af því að hafa tekið þátt í mannréttindabaráttu samkynhneigðra innan þjóðkirkjunnar og unnið á endanum fullnaðarsigur. Í dag er þjóðkirkjan stoltur bakhjarl og samverkamaður Samtakanna '78. Þáttur þjóðkirkjunnar endurspeglar fjölbreytileika hennar sem stærstu félagsamtaka þjóðarinnar. Það er edlilegt og viðbúið að ekki séu allir á sama máli í svo fjölmennu samfélagi.

Við leggjum til að haldið verði málþing í upphafi nýs árs þar sem sögu þessari verði gerð skil. Samband þjóðkirkjunnar og Samtakanna '78 verði formgert, í sátt við fortíðina – samferða inn í framtíðina. Í ljósi sögunnar skiptir máli að halda öllum staðreyndum málsins til haga. Þrátt fyrir tafir á málinu urðu lyktir þær að þau sem börðust fyrir fullum réttindum samkynhneigðra höfðu betur. Því ber að fagna en um leið þurfum við að halda vöku okkar.



Skúli Ólafsson
sóknarprestur í Nes Kirkju

Þáttaröðin Svona fólk hefur verið í umræðunni að undanförunni. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð þáttanna og eiga framleiðendur hennar þakkir skildar fyrir að halda þessari sögu til haga. Við sem munum eitthvað aftur í öldina sem leið höfum fylgst með þeirri gífurlegu hugarfarsbreytingu sem orðið hefur í garð samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, transfólks, intersex og fleiri.

Í einum þáttanna kom fram að andstæða kirkjunnar hefði verið hatrömm gagnvart hjónavígslu samkynhneigðra og leyfi þeirra til ættleiðinga.

Þarna var vissulega farið með réttar sögulegar staðreyndir, en sleppt að minnast á, að innan kirkjunnar stóðu mjög margir og sterkir aðilar, flestir prestar, nánast í stríði við kirkjuleg yfirvöld í baráttu sinni fyrir réttindum samkynhneigðra.

Í þeirri baráttu var hart tekist á



ÁSTRÍÐUFULLT ÁVARP TIL SAMTÍÐARINNAR

Einar Már á hér erindi við okkur öll og veltir vöngum um upphaf og endalok, efa og óvissu, sjálfa eilífðina.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA



MEIRA AF HREINNI JÓGURT

Nú fáanleg í 1 kg fjölskyldustærð gottimatinn.is



Eigum kynslóð af uppöldum spílurum

Iðkendum í bandý hefur fjölgað hægt og bitandi á Íslandi. Rík tengsl bandýsamfélagsins hér heima við Svíþjóð hafa styrkt þann grunn sem er til staðar. Næstu helgi leikur íslenska liðið tvo leiki við Bandaríkin. Þar munu leikmenn sem koma upp úr yngriflokkastarfi hérlandis í leika með liðinu í fyrsta sinn.

BANDÝ Íslenska karlalandsliðið í bandý leikur um næstu helgi sína fyrstu heimaleiki í undirbúningi sínum fyrir undankeppni HM sem haldin verður í Danmörku í janúar. Leikið verður við Bandaríkjamenn í íþróttahúsinu í Digranesi laugardaginn 9. nóvember klukkan 19.00 og sunnudaginn 10. nóvember klukkan 15.00. Frítt er inn á leikina.

Bandý er mjög ung íþrótt hér á landi en Atli Þór Hannesson, leikmaður íslenska landsliðsins og meðlimur í bandýnefnd ÍSÍ, segir að í þessum leikjum muni leikmenn spila sem koma upp úr yngriflokkastarfi sem starfrækt er hér heima.

Á Íslandi heldur HK úti bandýdeild fyrir krakka frá 10 ára aldri af báðum kynjum upp í meistaraflokk auk þess sem nokkur lið víðsvegar á landinu spila bandý, þar á meðal Ungmennafélagið Samherjar á Hrafnagili. Fyrir áhugasama býður bandýdeild HK áhugasömum að prófa íþróttina endurgjaldslaust á mánudagskvöldum í Digranesi.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við höfum á að skipa leikmönnum í landsliði Íslands í bandý sem hafa alist upp í yngriflokkastarfi á íslenski grund. Þess utan erum við með leikreynda leikmenn sem leika hér heima og svo hálfvinnnumenn sem spila í Svíþjóð. Það er mjög gefandi að sjá leikmenn sem ég hef fylgst með síðan þeir voru ungir þakkar vera komna í landsliðið,“ segir Atli í samtali við Fréttablaðið.

„Það er mjög sterkt fyrir okkur að vera með tengsl við Svíþjóð sem er ein sterkasta þjóð heims í bandý og er sigursælasta þjóðin á heims-



Íslenska karlalandsliðið í bandý leikur tvo æfingaleiki við Bandaríkin um komandi helgi en báðir leikirnir fara fram í íþróttahúsinu að Digranesi. MYND/IFF



Íslenska liðið hefur á að skipa skemmtilegri blöndu af leikmönnum.

●● Það er mjög gefandi að sjá leikmenn sem ég hef fylgst með síðan þeir voru ungir þakkar vera komna í landsliðið.

meistaramótinu í greininni. Finnland er reyndar ríkjandi meistari, en auk þessara þjóða standa Sviss og Tékkland fremst í bandý á heimsvísu. Íþróttin er sífellt að vaxa hér heima og liðum sem æfa skipulega og senda öflug lið til leiks í meistaraflokki fjölgar með hverju árinu,“ segir hann enn fremur.

„Þá eigum við leikmenn sem spila á hinum Norðurlöndunum. Okkar skærasta stjarna er Andreas Stefansson en hann er einn færasti

leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar. Við erum mjög spennt fyrir þessum leikjum og teljum okkur vera með nokkuð sterkt lið og það verður gaman að miða okkur við Bandaríkjamennina,“ segir Atli um komandi verkefni íslenska liðsins.

„Það er í mörg horn að líta fyrir okkur sem stöndum að þessu en það er bara skemmtilegt. Við erum að klára að binda alla lausa enda og nú getum við farið að einbeita okkur alfaríð að bandýinu á síðustu dögnum fyrir leikina. Vonandi náum við fram góðri frammi-stöðu og skemmtilegum leikjum. Það væri gaman að sjá fólk mæta í Digranesið um helgina og sjá afkrastur af mikilli vinnu okkar,“ segir þessi öflugli bandýmaður. hjorvaro@frettabladid.is

DOMINO'S
DEILDIN



Í KVÖLD
KL. 19:05



SPORT

Tryggðu þér áskrift stod2.is | 1817

ATH! Leikurinn verður sýndur á Stöð 2 Golf

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. nóvember 2019

41. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi
 TAG Heuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		
			MICHELSEN 1909
			Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is



Virkar ekki sem skyldi

Það eru færri sjóðstjórar, færri rekstrarfélög og færri einstaklingar að fjárfesta á markaðinum.

Jóhann Möller, forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni

Stórir einkafjárfestar segja að fleiri fjárfesta vanti inn á markaðinn til að efla verðmyndun. Lífeyrissjóðirnir séu of fyrirferðarmiklir. Jákvæð teikn á lofti ef Kauphöllin verður tekin inn í alþjóðlega vísitölu. Ólík sjónarmið um afskráningar. **6**

»2
Jón og Kolbeinn vilja fara í stjórn Símans
Útlit fyrir átök um stjórnarsæti í Símanum. Stoðir tefla fram Jóni Sigurðssyni og þá mun Kolbeinn Árnason sækjast eftir stuðningi til að koma nýr inn í stjórn. Erlendir stjórnarmenn gætu átt undir högg að sækja.

»4
Freista þess að afla Play 1.700 milljóna
Unnið er að því að tryggja flugfélaginu Play hlutafé upp á 1.700 milljónir frá innlendum fjárfestum. Búið er að tryggja félaginu grunnfjármögnun sem er að stærstum hluta í formi lánsfjár.

»10
Hin hliðin á peningnum
„Þó lækkandi vextir hafi hækkað verð á eldri skuldabréfum, og margir fjárfestar notið góðs af því, þá bjóða nýjar útgáfur í núverandi vaxtaumhverfi upp á litla ávöxtun,“ segir Kristrún Frostadóttir, aðalhafgræðingur Kviku, í aðsendri grein.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR



20% AFSLÁTTUR

í nýrri verslun Optical Studio á Hafnartorgi
Tryggvagötu 25

Vatnsfyrirtæki Jóns tapaði 3,2 milljörðum

Tap Icelandic Water Holdings jókst um 61 prósent á milli ára og nam 25,6 milljónum dollara árið 2018. Það jafngildir um 3,2 milljörðum króna. Jón Ólafsson er stjórnarformaður og stofnandi Icelandic Water Holdings en félagið tappar vatni á flöskur undir merkjum Icelandic Glacial í verksmiðju í Ölfusi.

Tekjur félagsins jukust um 17 prósent á milli ára og námu um 20 milljónum dollara, jafnvirði um 2,5 milljarða króna. Um 93 prósent teknanna má rekja til útflutnings. Tekjur vegna sölu á Íslandi jukust um þriðjung og námu um 1,3 milljónum dollara, jafnvirði um 160 milljóna króna. Á sama tíma rúmlega tvöfölduðust vaxtagjöld félagsins á milli ára og námu þau samtals 18 milljónum dollara í fyrra.

Fram kemur í ársreikningi Icelandic Water Holdings fyrir árið 2018 að hlutur Jóns hafi minnkað um 18 prósent á milli ára. Árið 2017



átti hann og tengd félög 23 prósent hlut í fyrirtækinu en í fyrra var hlutur hans fimm prósent. Þau bréf voru veðsett bandaríska fjárfestingarbankanum JP Morgan.

Í samtali við Markaðinn segir Jón hins vegar að hlutur hans í fyrirtækinu sé óbreyttur. „Það er bara verið að gera það sem þarf til að hafa hlutina í lagi,“ útskýrir Jón.

Sonur Jóns, Kristján Ólafsson, á 18,5 prósent hlut í Icelandic Water Holdings. Feðgarnir stofnuðu félagið árið 2004.

Við lok árs var eigið fé Icelandic Water Holdings 16,7 milljónir dollara og eiginfjárlutfallið 13 prósent. Fyrirtækið upplýsti í ágúst að hlutfé hefði verið aukið um 31 milljón dollara. Núverandi hluthafar og aðrir lögðu félaginu til fé. Á sama tíma var upplýst að skuldabréfasjóðir á vegum BlackRock hefðu lánað fyrir fyrirtækinu 35 milljónir dollara. – hvj

Claire til BBA/Fjeldco

Enska lögmaðurinn Claire Broomhead, sem hefur undanfarin ár verið eigandi hjá LOGOS og starfað á skrifstofu lögmannsstofunnar í London, hefur gengið til liðs við BBA/Fjeldco sem eigandi. Ráðning Claire er sögð styrkja enn frekar alþjóðlega starfsemi stofunnar en hún varð til við sameiningu BBA Legal og Fjeldsted & Blöndal fyrr í haust.

Fyrir á skrifstofu BBA/Fjeldco í London er hæstaréttarlögmaðurinn Gunnar Þór Þórarinnsson en hann starfaði áður um árabíl með Claire á LOGOS.

Claire hefur umfangsmikla reynslu af fyrirtækjalögfræði, samrunum og kaupum og sölum fyrirtækja, fjárhagslegri endurskipulagningu félaga og almennri ráðgjöf við fyrirtæki, og hefur unnið að



Claire Broomhead var áður eigandi hjá LOGOS.

mörgum af stærstu viðskiptaverkefnum á Íslandi síðan 2011. Hún vann áður hjá Mallesons Stephen Jaques í Sydney í Ástralíu og Eversheds í Leeds á Englandi.

Aðrir helstu hluthafar BBA/Fjeldco eru meðal annars Baldvin Björn Haraldsson, Halldór Karl Halldórsson, sem er jafnframt framkvæmdastjóri stofunnar, og Einar Baldvin Árnason. Samanlögð velta BBA og Fjeldco var um 860 milljónir í fyrra. – hae



Hlutabréfaverð Simans hefur hækkað um 30 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón og Kolbeinn vilja fara í stjórn Simans

Útlit fyrir átök um stjórnarsæti í Símanum. Stoðir tefla fram Jóni Sigurðssyni og þá mun Kolbeinn Árnason lögmaður sækjast eftir stuðningi til að koma nýr inn í stjórn. Erlendir stjórnarmenn félagsins gætu átt undir högg að sækja.

Útlit er fyrir að átök verði um stjórnarsæti Simans á sérstökum hluthafafundi félagsins eftir um tvær vikur, sem var boðaður að kröfu Stoða, en að minnsta kosti tveir nýir framboðendur munu þá bjóða sig fram í stjórn fjarskiptarisans. Þannig munu Stoðir, sem eru stærsti hluthafi Simans, tefla fram Jóni Sigurðssyni, stjórnarformanni fjárfestingafélagsins, og þá hyggst Kolbeinn Árnason, lögmaður og stjórnarmaður í eignarhaldsfélaga gamla Landsbankans (LBI), einnig gefa kost á sér í stjórn Simans, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Ljóst er að Jón, sem sat í stjórn olíufélagsins N1 á árunum 2014 til 2018, er öruggur með kjör í stjórn Simans en Stoðir eru með nærri 15 prósent af atkvæðabæru hlutfé félagsins. Kolbeinn, sem hefur meðal annars starfað áður sem framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs slita-stjórnar Kaupþings, er hins vegar sagður sækja einkum stuðning sinn til minni hluthafa Simans. Þá er einnig á það bent, sem kunni að vinna með Kolbeini í stjórnarkjöriinu, að enginn í stjórn Simans sé í dag með bakgrunn í lögfræði.

Tilnefningarnefnd Simans, sem var sett á lagðirnar í nóvember 2018, hefur hafið störf vegna stjórnarkjörsins sem fer fram á hluthafafundi félagsins 21. nóvember næstkomandi og kallað eftir sjónarmiðum frá hluthöfum.

Verulegar breytingar hafa orðið á hluthafahópi Simans á skömmum tíma. Stoðir, sem hófu að fjárfesta í Símanum í apríl þegar félagið eignaðist rúmlega átta prósent hlut í fyrirtækinu, hafa aukið hratt við eignarhlut sinn og í síðasta mánuði bættu Stoðir við sig rúmlega einu prósentustigi. Á sama tíma hafa erlendir fjárfestingarsjóðir – Eaton Vance, Wellington, Landsdowne og Miton – selt nánast öll bréf sín í Símanum. Þannig er sjóður í stýringu Eaton sá eini í dag á lista yfir 20 stærstu hluthafa Simans með tæplega tveggja prósent hlut en í byrjun mars á þessu ári, þegar síðasti hluthafafundur fyrirtækisins fór fram, áttu erlendir sjóðir samanlagt vel yfir 20 prósent hlut í félaginu.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins, sem þekkja til innan hluthafahóps Simans, gætu þessar breytingar á eignarhaldi dregið úr líkum á því að hinir erlendu stjórnarmenn Simans, þau Bertrand Kan, sem er jafnframt formaður stjórnar, og Ksenia Nekrasova, sem kom ný inn í stjórnina í fyrra og starfaði áður sem framkvæmdastjóri á sviði fjarskipta, fjölmiðlunar og tækni hjá UBS, eigi stuðning vísan í stjórnarkjöriinu. Bertrand var í hópi fjárfesta, sem var meðal annars skipaður Orra Haukssyni, forstjóra Simans, sem keyptu samanlagt fimm prósent hlut í fjarskiptafélaginu af Arion banka árið 2015. Í árslok átti Bertrand rúmlega 31 milljón hluta í Símanum sem eru metnir á um 150 milljónir miðað við núverandi gengi bréfa félagsins. Á meðal þess sem Stoðir hafa

14%

er eignarhlutur Stoða í dag.

horft til þegar kemur að efna-hag Simans eru breytingar á fjármagnsskipan félagsins og í þeim efnun hafa um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um fjármögnun á grunni Mílu, dótturfélags Simans, til að greiða niður óhagstæðari skuldir samstæðunnar. Á síðasta uppgjörsfundinum kom fram í máli Orra að hann „vildi örugglega gera einhverjar breytingar á fjármögnun [Simans] á næstu mánuðum“. Að sama skapi benti Orri á að félagið vildi áður sjá ýmislegt í umhverfi þess, meðal annars tengt eignarhaldinu, komandi hluthafafundi og eins umræðu um hvernig eigi að samnýta innviði, „spilast út“. Það hefði áhrif á hvernig Siminn vildi koma á sem hagkvæmasti fjármagnsskipan.

Þá hafa erlendir framtakssjóðir, sem sérhæfa sig í fjárfestingum í fjarskiptainnviðum, þar á meðal ástralski sjóðurinn Macquire, sýnt Mílu áhuga á undanförunum mánuðum. Sjóðurinn hefur komið að kaupum á fjarskiptainnviðum í Evrópu á mjög háum hagnaðarmargfeldum – 15 til 20 sinnum EBITDA – en miðað við það væri hægt að áætla að virði Mílu sé um 50 milljarðar, sem er litlu meira en markaðsvirði Simans í dag. hordur@frettabladid.is

Keyptu í Marel fyrir 1.350 milljónir

Erlendir fjárfestingarsjóðir, sem komu fyrst inn í hluthafahóp Marels í útboði í júní, bættu við sig um 2,3 milljónum hluta að nafnverði í félaginu í síðasta mánuði, eða fyrir um 1.350 milljónir króna miðað við núverandi gengi bréfa Marels.

Þetta má lesa út úr gögnum greiningarfyrirtækisins Morningstar sem heldur utan um eignarhluti erlendra eignastýringarfélaga sem eiga bréf í Marel í gegnum kauphöllina í Amsterdam. Tuttugu stærstu félögin á lista Morningstar áttu samanlagt um 92,6 milljónir hluta

59%

er hækkan hlutabréfaverðs Marels frá áramótum.

í Marel í lok október, borið saman við rúmlega 90 milljónir hluta mánuði áður, en það jafngildir um 13 prósent eignarhlut.

Sjóðir í stýringu Threadneedle Management bættu hvað mest við sig í Marel á tímabilinu, eða um

milljón hlutum. Þá fjárfestu sömu-leiða meðal annars sjóðir í rekstri félaga á borð við Baron Capital, Investec Asset Management, Miton Group og BlackRock í Marel í síðasta mánuði, en rétt er að taka fram að listi Morningstar gefur ekki tæmandi mynd af viðskiptum með bréf í félaginu í kauphöllinni í Amsterdam.

Frá skráningu á bréfum Marels erlendis hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um líðlega sextán prósent. Í kauphöllinni á Íslandi hefur gengið hækkað um 59 prósent frá áramótum. – hae

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG



URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

Freista þess að afla 1.700 milljóna

Íslensk verðbréf vinna að því að tryggja flugfélaginu Play hlutfé upp á 1.700 milljónir króna frá innlendum fjárfestum. Vilja hefja rekstur með sterka lausafjárstöðu en búið er að tryggja félaginu grunnfjármögnun sem er að stærstum hluta í formi lánsfjár.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Verðbréfafyrirtækið Íslensk verðbréf (ÍV), sem heldur utan um fjármögnun á hinu nýstofnaða flugfélagi Play, fundar þessa dagana með ýmsum innlendum fjárfestum í því skyni að afla félaginu um 12 milljónir evra, jafnvirði um 1.700 milljónir króna, í aukni hlutfé, samkvæmt heimildum.

Jóhann M. Ólafsson, framkvæmdastjóri ÍV, segir í samtali við Markaðinn að hins vegar sé „búið að tryggja grunnfjármögnun að uppfylltum vissum fyrirvörum og skilyrðum, svo sem endanlegri veitingu flugrekstrarleyfis.“ Hann vill ekki tjá sig um hver heildarupphæð fjármögnunarinnar er en segir að hún sé blanda af hlutfé og lánsfé.

„Play hefur gert samning við Íslensk verðbréf um að halda utan um fjármögnun á félaginu frá innlendum og erlendum aðilum. Íslensk verðbréf tóku þetta verkefni að sér því við teljum þetta mjög vel útfærðan og áhugaverðan fjárfestingarkost og fundum strax fyrir miklum áhuga,“ segir Jóhann.

„Eins og kom fram í kynningunni telja stjórnendur Play mjög mikilvægt að félagið hefji rekstur með sterka lausafjárstöðu. Íslensk verðbréf munu áfram vinna með aðilum að bæta við fjármögnunina svo að félagið hafi enn sterkari lausafjárstöðu frá upphafi.“

Samkvæmt heimildum Markaðarins er stærstur hluti fjármögnunarinnar, eða í kringum 40 milljónir evra, í formi lánsfjár, með breytirétt í hlutfé, frá hinum breska fjárfestingarsjóði sem Arnar Már Magnússon, nýr framkvæmdastjóri Play, upplýsti að kæmi að fjármögnun félagsins á blaðamannafundi sem Play stóð fyrir í gærmorgun.

Þá gat Jóhann ekki tjáð sig um breska fjárfestingarsjóðinn sem eigi að koma að fjármögnun félagsins en upphafleg áform gerðu ráð fyrir að Avianta Capital Capital, sem er að fullu í eigu Aislinn Whitley-Ryan en er stýrt af eiginmanni hennar, Simon, myndi leggja félaginu til um 40 milljónir evra í formi hlutfjár og



Arnar M. Magnússon, Þóroddur A. Þóroddsson, Bogi Guðmundsson og Sveinn Ingi Steinþórsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áform Play í hnotskurn

Áform flugfélagsins Play voru kynnt á blaðamannafundi sem félagið stóð fyrir í gær.

Play, sem mun skarta rauðum einkennislit, áformar að hefja flug á tveimur Airbus A320 flugvélum til sex áfangastaða í Evrópu í vetur. Fjórum flugvélum af sömu tegund verður síðan bætt við í vor og verður þá hafið flug til fjögurra stórborga í Norður-Ameríku.

Bókunarsíða Play er komin

í loftið en félagið á enn eftir að útvega flugrekstrarleyfi og handbækur samþykktar hjá Samgöngustofu. Það er hins vegar á lokametrunum að sögn stofnenda Play.

Arnar Már Magnússon, forstjóri Play, tók fram á fundinum að íslenskir samningar yrðu gerðir við flugáhafnir en hann sagði jafnframt að félagið væri opið fyrir því að fá starfsfólk að utan.

eignast við það 75 prósentu hlut.

Ekki eru bundnar vonir við að íslenskir lífeyrissjóðir muni leggja félaginu til fjármagn heldur er fyrst og fremst verið að horfa til fjárfestingarsjóða og einkafjárfesta um að þeir komi að viðbótar fjármögnuninni með því að leggja félaginu til hlutfé. Aðspurður vildi Jóhann ekki tjá sig um hversu stóran eignarhlut 12 milljónir evra myndu tryggja þeim í flugfélaginu en samkvæmt heimildum Markaðarins er lagt upp með að það geti skilað

innlendum fjárfestum samtals helmingshlut á móti stofnendum og öðrum starfsmönnum Play.

„Við viljum vera fjármagnaðir þannig að við séum með nægt fé til að takast á við allar þær áskoranir sem á vegi okkar verða,“ segir Arnar Már Magnússon, forstjóri Play, í samtali við Markaðinn. Hann gat ekki farið nánar út í fjármögnun eða eignarhald félagsins. Greint verði frá því síðar.

Arnar segir að búið sé að ganga frá samningum við leigusala fyrir

fyrsta áfangann en félagið mun hefja rekstur með tvær Airbus A320 vélar. Spurður hvort kyrrsetning Isavia á flugvél WOW air hafi verið hindrun í ferlinu við að útvega leiguvélar svarar Arnar neitandi.

Ekki áhyggjuefni fyrir Ícelandair

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að sex flugvélar verði í rekstri Play næsta sumar og tíu flugvélar innan þriggja ára. Sveinn Þórarinnsson, hlutabréfagreinandi hjá Landsbankanum, segir að þrátt fyrir kyrrsetningu Boeing 737 MAX flugvéla sé töluvert framboð af flugvélum til leigu ef viðskiptaáætlunin er raunhæf í augum leigufélagsins.

„Stór flugfélög eru ekki í miklum vaxtarhraða um þessar mundir á sama tíma og nokkur flugfélög hafa lagt upp laupana. Það er einungis lítill háttar vöxtur í umsvifum flugfélaga á heimsvísu.“

Það liggur í augum uppi að leigusalar horfa til þess að stjórnendur Play eru reyndir enda er um nýtt flugfélag að ræða. Þeir horfa væntanlega einnig til bankaábyrgða, lausafjár og viðskiptaáætlunarinnar. Það má leiða líkur, eðlilega, að

Jafnvel þótt flugfélagið fljúgi sex flugvélum hefur það ekki áhrif á stóru myndina fyrir Ícelandair.

Sveinn Þórarinnsson, hlutabréfagreinandi hjá Landsbankanum

Því að kjörin sem nýstofnuðu flugfélagi bjóðist séu hærri en hjá flugfélögum með lengri rekstrarsögu.

Flugrekstur er enda áhættusamur. Það er ekki á vísan að róa, jafnvel þótt stjórnendateymið státi af góðri reynslu og reksturinn sé ágætlega fjármagnaður. Við vonum þó svo sannarlega að þetta gangi vel hjá þeim,“ segir Sveinn.

Að hans sögn þarf Ícelandair Group ekki að hafa miklar áhyggjur af nýja keppinautnum að svo stöddu. „Play er hvorki komið með flugrekstrarleyfi né hefur hafið sölu á flugmiðum. Jafnvel þótt flugfélagið fljúgi sex flugvélum hefur það ekki áhrif á stóru myndina fyrir Ícelandair. Það á í alþjóðlegri samkeppni og því skiptir ekki sköpum hvort eitt eða tvö flugfélög til eða frá fljúgi til Íslands. Þetta kannski breytist þó ef félagið nær að stækka enn þá meira.“ Fram hefur komið í fjölmiðlum að 23 flugfélög flugu til landsins í sumar.

Rétt eins og Ícelandair og WOW air áður, þá flýgur Play á milli Evrópu og Bandaríkjana. „Það er nauðsynlegt viðskiptamódel til að leggja grunn að alvöru flugfélagi á Íslandi. Það eru ekki aðrir möguleikar í stöðunni,“ segir Sveinn.

Snorri Jakobsson, forstöðumaður greiningardeildar Capacent, segir að Ícelandair hafi verið meðal vanmetnustu félaga á markaði fyrir mikla og verðskuldaða hækkun á gengi félagsins. „Margir óvissuþættir og ytri breytur hafa áhrif á rekstur Ícelandair og er samkeppni ein þeirra. Aukin samkeppni hefur áhrif á rekstur og verðmat til lækkunar. Vætanlega eru þó áhrifin lítill háttar en Ícelandair býr nú þegar við umtalsverða samkeppni,“ segir hann.

Gervigreind mun gerbreyta atvinnulífinu

Gervigreind mun hafa gríðarlegar breytingar á atvinnulífinu í för með sér. Þetta segir Guðmundur Hafsteinsson, sem gegndi formennsku í stýrihópi um mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland og var yfirmaður vörupróunar á Google Assistant. „Í gervigreind felst tækifæri til að skapa betri fyrirtæki og bjóða betri þjónustu,“ segir hann.

Fæst fyrirtæki í heiminum hafa enn fundið fyrir áhrifum af gervigreind, að mati Guðmundar. Aðspurður um stöðu íslenskra fyrirtækja til að keppa við erlend fyrirtæki þegar kemur að innleiðingu á gervigreind segist hann telja að nær öll fyrirtæki í heiminum séu illa í stakk búin til að innleiða gervigreind.

Hann mun flytja erindi á Alþjóðadegi viðskiptalífsins á mánudaginn sem millilíndaráðin standa að. Yfirskrift ráðstefnunnar er: Hvernig verður fyrirtækið þitt árið 2030?

Guðmundur bendir á að endrum og eins og spretti fram ný tækni



Guðmundur segir að gervigreind geri fyrirtæki betri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem gerbylti öllu. Þekkt dæmi séu prent- og gufuvélin. Gervigreind geri það að verkum að tölvur geti lært í stað þess að fylgja eingöngu fyrirmælum.

„Þetta er ofureinföldun,“ segir Guðmundur. „Gervigreind opnar

möguleika sem stóðu ekki til bóða fyrir fimm árum,“ segir hann og nefnir að gervigreind geti greint gögn sem ekki er búið að hólfa niður með sama hætti og núverandi tækni vinni með.

Að hans sögn verða þeir stjórn-

endur sem vilja reyna að mynda sér skoðun á hvað muni gerast á næstu tíu árum að skilja breytinguna sem gervigreind muni hafa í för með sér. Stjórnendur verði að skilja hvaða áhrif gervigreind muni hafa á rekstur fyrirtækja þeirra, hvar hún muni hafa áhrif og hvar ekki. Að öðrum kosti muni þeir „fljúga blint inn í framtíðina“. Hættan sé sú að keppinautur muni skilja breytinguna og það skapi samkeppnisforskot.

Guðmundur segir mikilvægt að skilja hvaða áhrif tæknibreytingar muni hafa á framtíðina. Það megi ekki horfa einvörðungu til þess sem sé mögulegt núna. Fyrir rúmlega áratug hafi verið gefin út bók um áhrif tæknivæðingar. Í bókinni hafi verið fullyrt að atvinnubílastjórar þyrftu ekki að óttast tæknibreytingar enda væri of flókið fyrir tölvur að aka bilum. „Fjórum árum eftir að bókinn kom út leit fyrsti sjálfakandi bíllinn dagsins ljós,“ segir hann.

Guðmundur tekur sem dæmi hvaða áhrif gervigreind geti haft á rekstur verslana. Skynjarar muni

geta greint hve mikið sé af tiltekinni vöru í hillu, gervigreindin muni geta vitað þegar viðskiptavinir ganga um verslunina, hvert þeir ganga og hvort uppröðun í versluninni sé skynsamleg eða hvort hægt sé að gera betur á því sviði.

Annað sem gervigreindin mun hjálpa við í verslunarrekstri er að ganga frá greiðslu án þess að viðskiptavinir þurfi að standa við búðarkassa. Guðmundur nefnir að viðskiptavinir matvöruverslunar gangi um verslunina og radi vörum í körfu. Að því loknu bíði þeir í röð við búðarkassa og þegar komið er að þeim taki þeir vörur úr körfunni og leggi á borð. Loks þurfi þeir að raða vörumum í poka. „Eftir ekki svo langan tíma munum við hlæja að þessu,“ segir hann.

Blaðamaður nefnir að netverslunin Amazon hafi opnað matvöruverslanir þar sem meðal annars er sjálfvirk afgreiðsluferfi. „Þeir og fleiri eru að vinna að þessu,“ segir Guðmundur. helgivifill@frettabladid.is



NÝR VOLVO XC90. ENDURHLAÐINN.

Nýr og breyttur Volvo XC90 er kominn. Bíllinn sem þú treystir til að vernda fjölskylduna verndar nú umhverfið líka. Nýr Volvo XC90 sameinar okkar heimsklassa öryggi og T8 plug-in hybrid vél sem hönnuð er til að gera flestar ferðir innanbæjar útblásturslausar.* Öruggeri fyrir fólk. Öruggeri fyrir umhverfið.

XC90 T8 PHEV bensín/rafmagn (tengiltvinn)
Verð frá: 10.590.000 kr.

XC90 B5 mHEV mild hybrid dísil
Verð frá: 9.590.000 kr.

Komdu og reynsluaktu nýjum Volvo XC90



*Þegar ekið er í Pure Eco stillingu



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Markaðurinn krefst fleiri fjárfesta

Stórir einkafjárfestar segja að fleiri fjárfesta vanti inn á markaðinn og meira fjármagn þurfi að vera í virkri stýringu. Fari Kauphöllin í vísitölu MSCI mun það hafa jákvæð áhrif á virkni markaðarins. Ólík sjónarmið um möguleikann á afskráningum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Velta sem hlutfall af markaðsvirði hefur, það sem af er ári, verið sambærileg við undanfarin ár. Munurinn er hins vegar sá að Marel og Arion banki hafa verið fyrirferðarmeiri og tekið til sín stærri hluta af veltunni en áður. Veltan er að því leyti einsleitari sem er áhyggjuefni hvað varðar verðmyndun á markaðinum,“ segir Jóhann Möller, forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni, í samtali við Markaðinn.

„Heilt yfir hefur veltan verið ágæt á innlenda markaðinum og seljanleiki á bréfum flestra skráðu félaganna verið vel ásættanlegur. Það er auðvitað mikilvægt að hafa góðan seljanleika og skilvirka verðmyndun en ég held að við stöndum ágætlega að vígi varðandi hvort tveggja,“ segir Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði.

Jóhann segir að mikilvæg forsenda fyrir skilvirkni hlutabréfamarkaðar séu virk skoðanaskipti í þeim skilningi að virk viðskipti eigi sér stað milli markaðsaðila sem hafa ólíkar væntingar og skoðanir á hlutabréfum.

„Þeim sem hafa það að atvinnu að koma að þessum skoðanaskiptum á markaði hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. Það eru færri sjóðstjórar, færri rekstrarfélög og færri einstaklingar að fjárfesta á markaðinum. Ofan á það hafa lífeyrissjóðirnir aukið áherslu á erlendar fjárfestingar á síðustu árum,“ segir Jóhann.

Lífeyrissjóðir hafa verið að taka fjármuni úr virkri stýringu hjá verðbréfasjóðum, auk þess sem sjóðunum hefur fækkað með sameiningum fjármálafyrirtækja, og hafa því eignir í stýringu þeirra sem hlutfall af markaðsvirði skráðra félaga dregist mikið saman á síðustu árum. Eign hlutabréfasjóða sem hlutfall af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni var um 18 prósent vorið 2015 en hefur lækkað niður í 6 prósent fjórum árum síðar.

Þá hafa erlendu fjárfestingarsjóðirnir, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum á árinu 2015, minnkað stöður sínar í flestum íslenskum fyrirtækjum að Arion banka og Marel undanskildum þar sem þeir hafa aukið við hlut sinn. Þessir sjóðir hafa verið nokkuð fyrirferðarmiklir og miklar breytingar á eignarhaldi þeirra vegna kaupa og sölu á félögum hafa haft talsverð áhrif á verðmyndun á markaðinum.

Allt frá því seint á árinu 2015 hafa lífeyrissjóðirnir beint flæði í sjóðsfélagalán og erlendar fjárfestingar. Heildarfjárfesting Íslendinga í erlendum verðbréfum hefur numið 130 milljörðum það sem af er ári en á sama tímabili hafa útlendingar aðeins fjárfest fyrir þrjá milljarða króna í íslenskum verðbréfum.

Tillögur í Hvítbókinni til að efla skilvirkni verðbréfamarkaða

1. Auka frelsi einstaklinga við ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar.
2. Fjárfestingum lífeyrissjóðanna komið í faðmslengdarfjarlægð inn í fjárfestingarsjóði.
3. Skýr aðskilnaður á milli eignastýringar og reksturs bankastofnana.
4. Leyfa frjálsa för erlendra langtímafjárfesta inn á íslenska fjármálamarkaðinn, án bindiskyldu.
5. Efla viðskiptavakt bankanna þriggja með auknum heimildum fyrir stöðutökur.
6. Gefa fjárfestingarsjóðum almennt aukið frelsi til stöðutöku, s.s. með því að taka skortstöður.
7. Gefa almenningi skattalega hvata til þess að kaupa hlutabréf.

Jákvæð teikn

Jóhann segist þó gera sér væntingar um meiri virkni á næsta ári. Hann nefnir að íslenski hlutabréfamarkaðurinn sé kominn á athugunarlista MSCI, sem er eitt stærsta vísitölufyrirtæki heims. Niðurstöðu er að vænta í þessum mánuði og ef hún verður jákvæð verða skráð íslensk félög gjaldgeng í vísitölu MSCI í maí 2020. Ísland verður fyrst um sinn í flokki vaxtarmarkaða (e. frontier markets).

„Það eru allar líkur á því að markaðurinn muni fá aukna athygli frá erlendum fjárfestum þegar og ef markaðurinn verður gjaldgengur í vísitöluna í vor. Það er nokkur fjöldi af sjóðum úti í heimi sem fjárfesta í samræmi við vísitöluna eða hafa hana sem viðmið,“ segir Jóhann og tekur dæmi um vísitölusjóð í stýringu sjóðstýringarrisans Blackrock. Fjárfestingar sjóðsins fylgja Frontier-vísitölu MSCI og ef hann ákveður að fjárfesta á íslenska markaðinum í samræmi við stærð markaðarins í vísitölu muni hann þurfa að kaupa íslensk hlutabréf fyrir 5,6 milljarða króna.

Þegar greint var frá því að Ísland væri komið á athugunarlistann ræddi Financial Post við nokkra erlenda sjóðstjóra um málið. Þeir höfðu á orði að líklega væri seljanleiki flestra skráðra íslenskra félaga ekki nægilegur að Marel og Arion banka undanskildum.

Þá leiðir Jóhann líkur að því að innkoma stærri einkafjárfesta á markaðinn á síðustu misserum hafi aukið aðhald sem geti aukið áhuga almennra fjárfesta á markaðinum. Hann bendir jafnframt á að arðgreiðslur og endurkaup fyrirtækja hafi skilað rúmlega 4 prósent ávöxtun sem er meira en það sem hefðbundnir lausafjárþjóðir, innlánsreikningar og ríkisskuldabréf eru að gefa um þessar mundir.

Hvernig er hægt að auka virkni og skoðanaskipti á hlutabréfamarkaðinum?

„Ég er á þeirri skoðun að aukið



Erlendu fjárfestingarsjóðirnir, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum árið 2015, hafa minnkað stöður sínar í íslenskum hlutabréfum síðustu árum.

Fjöldi hluthafa fer fækkandi í nánast öllum félögum og er í einhverjum tilvikum kominn langt undir mörk fyrir skráningu á aðalmarkað.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarmaður í VÍS




frelsi í ráðstöfun séreignarsparnaðar með því að fólki gefist kostur á að fela verðbréfasjóðum að ávaxta sparnaðinn muni auka veltu og skoðanaskipti á markaði. Þá gætum við séð rekstrarfélögum fjölga og fleiri væru að sinna markaðinum í fullu starfi,“ segir Jóhann en í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var einmitt lagt til að viðurkenndum fjárfestingarsjóðum yrði gert heimilt að taka að sér ávöxtun séreignarsparnaðar.

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði telja meiri líkur á afskráningum félaga en nýskráningum á næsta ári. Félögin sem nefnd hafa verið í því sambandi eru Sýn, Skeljungur, Origo og Heimavellir. Aðspurður segist Jóhann ekki sjá fram á nýskráningu félags á markað á næsta ári, þó hann vonist sannarlega til þess

En eru líkur á því að við sjáum afskráningar félaga?

„Já og nei. Félög geta verið að hluta-

Eign lífeyrissjóða í hlutabréfasjóðum



Eign hlutabréfasjóða sem hlutfall af virði félaga





Heimili

MIDVIKUDAGUR 6. NÓVEMBER 2019



Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri hjá Múlalundi, er stoltur af nýju umhverfisvænu pokunum sem fást í mörgum stærðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ertu
svefnlaus?



Umhverfisvænir pokar með tilgang á poki.is

Múlalundur, vinnustofa SÍBS í Mosfellsbæ, býður upp á umhverfisvæna pappírspoka af mörgum stærðum og gerðum, merkta og ómerkta. Hægt er að nálgast pokana hjá Múlalundi, í vefverslun eða í gegnum poki.is. ➔2

Framhald af forsiðu →

Fjölmargin einstaklingar og fyrirtæki velja að flétta reglubundna starfsemi saman við samfélagsverkefni og kaupa vörur af Múlalundi sem annars væru keyptar annars staðar. Þannig skapast störf fyrir fólk með skerta starfsorku. „Að nota vörur frá Múlalundi er því einfaldasta samfélagsverkefnið,“ Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS.

Umhverfsvænir pappírspokar eru stöðugt að verða mikilvægari þáttur í starfsemi Múlalundar vinnustofu SÍBS sem veitir um 80 manns með skerta starfsorku vinnu árlega.

Fjölbreytt úrval burðar- og gjafapoka

„Múlalundur býður upp á fjölbreytt úrval umhverfsvænna pappírspoka. Pokarnir fást í ýmsum stærðum, litlir og stórir. Hægt er að fá þá í brúnum náttúruleit en einnig í hvítum, svörtum og rauðum með matt- eða glansáferð. Handföngin eru ýmist snúin eða flöt. Snúnu handföngin eru notuð þegar bera á litla þyngd í pokunum, til dæmis fatnað eða léttu gjafavöru. Sléttu handföngin henta betur þegar bera á meiri þyngd í pokunum, til dæmis matvöru eða aðra þyngri vöru. Fallegir jólagjafapokar eru einnig í boði í nokkrum litum,“ segir Sigurður Viktor.

„Pokarnir eru innfluttir af Múlalundi en skila mikilvægum fjármunum inn í rekstur vinnustaðarins, auk þess að skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku við afgreiðslu og lager,“ bætir hann við.

Merkir pokar skapa enn fleiri störf

Fjölmargin kjósa að merkja pokana með fyrirtækismerki eða annarri merkingu. Með því verður til öflug auglýsing þar sem notendur pokanna taka þá víða og nota aftur og aftur. Merkingarnar geta verið í ýmsum litum. Pokarnir eru merktir af starfsfólki Múlalundar og skapa þar dýrmæt störf.

Poki.is nýtt vörumerki á vegum Múlalundar

Á 60 ára afmælisári Múlalundar sem nú er senn á enda var tekið í notkun nýtt vörumerki, Poki.is. „Með Poki.is fá viðskiptavinir okkar vefslóð sem mjög auðvelt er að muna þegar kaupa þarf poka. Poki.is sendir netnotandann beint í pokahluta vefverslunar Múlalundar þar sem í boði er fjölbreytt úrval pappírspoka.“

Nýjar enn umhverfsvænni Eglamöppur úr pappír

Nýjungarnar eru fleiri á Múlalundi. „Nú í haust komu á markaðinn nýjar Eglamöppur en þær hafa verið vinsælustu bókhaldsmöppur Múlalundar í áratugi. Eglamöppur eru afar vandaðar.“

Nýju Eglamöppurnar eru eingöngu úr pappa og pappír, auk járnsins, og er pappírskápa límd utan á endurunninn pappa. Þær eru því án plasts og henta vel til endurvinnslu í lok notkunar.

„Nýju möppurnar eru sérstyrktar, járnin eru þau sömu og áður. Þær koma í svörtu, hvítu og bláu en hefðbundnu möppurnar fást í átta litum. Pappírinn í möppunum er evrópskur, vottaður pappír. Þær eru því enn umhverfsvænni kostur en eldri gerðin,“ segir Sigurður.

Dagatöl og merktar dagbækur vinsælar um áramót

Sigurður bendir á að nú líði að áramótum og Múlalundur sé áramótafyrirtæki. „Í áratugi hafa fyrirtæki um allt land nýtt sér stór borðdagatöl Múlalundar, ýmist á

” Múlalundur býður upp á fjölbreytt úrval umhverfsvænna pappírspoka. Pokarnir fást í ýmsum stærðum, bæði litlir og stórir. Pokarnir fást í ýmsum litum og stærðum. Þá er einnig hægt að fá fallega jólapoka.

borðum eða uppi á vegg í tengslum við sýnilega stjórnun. Þá framleiðir Múlalundur dagatöl fyrir fjölda fyrirtækja auk þess að gefa út eigið dagatal. Múlalundur framleiðir líka dagatalsblokk sem fólk getur nýtt á dagatöl sem það fönðrar sjálf,“ segir hann.

„Á Múlalundi er einnig í boði glæsilegt úrval dagbóka af ýmsum stærðum og gerðum. Þá eru fjölmargin sem kjósa að merkja þær með merki fyrirtækisins og nafni starfsmanns. Ýmist eru nöfnin letruð á dagbækurnar eða þrykkt í ytra byrði bókanna. Það sama er hægt að gera við til dæmis fundaða minnisbækur allt árið um kring.“

Fjölbreytt handavinna og sérframleiðsla

„Hjá Múlalundi tökum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir viðs vegar um samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæðaverki til viðskiptavina. Mjög fyrirtæki ná með viðskiptum sínum við Múlalund að flétta saman daglega starfsemi og samfélagsverkefni sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf að vinna í höndunum.

Verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg,“ segir Sigurður. „Á Múlalundi vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsuþrests.“

Vefverslunin vinsæl

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart.

Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari pöntun yfir 16 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir lægri pantanir er lágt sendingargjald, 2.150 krónur.

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna svo skjóta megi fleiri og styrkari stöðum undir reksturinn.

Virkir á vinnumarkaði

Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleira starfsfólki en forsenda fjölgunar er aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera. Vinnudagur og verkefni eru löguð að getu hvers og eins.

Nýir pappírspokar, Eglamöppur í sátt við umhverfið, dagbækur, dagatöl og fjölbreytt verkefni styðja við starfsemi Múlalundar og tryggja fjölbreytni í verkefnum,“ segir Sigurður ánægður.

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500 netfang mulalundur@mulalundur.is. Sjá nánar á mulalundur.is og poki.is



Starfsmenn Múlalundar eru með mismikla starfsorku en Sigurður segir að allir séu vinnusamir. LJÓSMYND: JÓN PÁLL



Fallegir bréf-pokar með jólamynstri fyrir fyrirtæki.



Nýju Egla-möppurnar eru sérstaklega vandaðar, án plasts og enn umhverfsvænni



Venjulegir burðarpokar í nokkrum stærðum sem henta fyrir verslanir.



Pokana er líka hægt að fá einlita og með merki viðkomandi fyrirtækis. Starfsfólk Múlalundar sér um að merkja sem skapar mikilvæg störf

NIKE GOLF

GOLF STREAM

Lynx

Callaway
GOLF

CATMANDOO

PROQUIP
Ahead of the Game

ODYSSEY

Golfbrautin

GOLFVERSLUN

Opið út desember 2019

VERSLUNIN HÆTTIR

Allt að

70% AFSL.

ALLT Á AÐ SELJAST!



Opið:
Virka daga
10-18
Laugardaga
11-15

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • www.golfbrautin.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málara

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Tilboð eða timagjald. Uppl. í s: 778 0100.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

FLÍSALAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu lítil einstaklingsíbúð á svæði 101. Laus. Leigist aðeins reglusömum og skilvísium. Engin gæluðyr. Uppl. í síma 864-3725 eftir kl.16

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Gardaba

- Andlitsbað, litun og plokun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímabantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska V:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00



Námskeiðin hefjast 11. og 12. nóvember
Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: [spanskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spanskuskolinn_hablame)

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?





nsku félögunum að Arion banka og Marel undanskildum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er áhyggjuefni ef sjóðirnir verða afl í samfélaginu sem þolir enga skoðun.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims



eyrissjóðirnir eru ekki sérstaklega virkir þátttakendur á íslenskum hlutabréfamarkaði. Vissulega eiga þeir af og til stór viðskipti en eru aftur á móti ekki að eiga reglulega viðskipti á markaði, hvað þá daglega," segir Svanhildur. Hún tekur þó fram að velta á markaði sé eitt og seljanleiki annað. „Það hefur marg oft sýnt sig að íslensk hlutabréf eru nokkuð seljanleg og oft eiga sér stað viðskipti upp á nokkra milljarða. Þau viðskipti eiga sér yfirleitt stað utanþings," segir Svanhildur.

Telurðu að óbreytt ástand auki líkurnar á afskráningu félaga?

„Það gæti vissulega haft áhrif. Bæði veltan og einnig fjöldi hluthafa sem fer fækkandi í nánast öllum félögum og er hann í einhverjum tilvikum kominn langt undir mörk fyrir skráningu á aðalmarkað Kauphallar. Það væri áhugavert að sjá almenning verða aftur þátttakendur á innlendum hlutabréfamarkaði eins og tíðkaðist hér áður fyrr þegar því fylgdi skattaivillun," segir Svanhildur.

En hefur lítil velta áhuga erlendra fjárfesta á hlutabréfamarkaðinum?

„Lítill velta getur fælt erlenda fjárfesta frá en það er bara eitt af því sem hefur áhrif á hvort erlendir fjárfestar komi inn á markaðinn. Annað er sýnileiki, og þess vegna er mikilvægt að íslensk félög komist inn í alþjóðlegar hlutabréfavísitölur, og síðan skiptir einfaldleiki máli. Erlendir aðilar sem ætla að eiga viðskipti á innlendum markaði þurfa að setja sig upp hjá innlendum fyrirtækjum eins og staðan er í dag. Samkvæmt Kauphöll Íslands hefur staðið til nokkuð lengi að breyta þessu og að Ísland verði aðili að alþjóðlegu uppgjörskerfi. Mér skilst að það eigi að klárast fyrir vorið 2020. Ef þetta tvennt er í lagi myndi ég segja að verðlagning félaga verði helsta forsendan fyrir því hvort erlendir aðilar sýna sig hér eða ekki," segir Svanhildur.

Mun enda í kapitalisku kerfi án kapitalistanna

„Vandinn er að það verður til svo takmarkaður einkasparnaður í hagkerfinu vegna þess að 20 prósent af launum fólks renna til lífeyrissjóðanna. Þegar svo er verða lífeyrissjóðirnir eini vörsluaðili nýs sparnaðar á landinu," segir Heiðar Guðjónsson, forstjóri og stærsti hluthafi Sýnar, og nefnir að þjóðin sé ung og því sé eignatími lífeyrissjóða mældur í áratugum.

„Það veldur því að þeir kaupa eignir og setja í skúffu. Það eru mjög fáir virkir fjárfestar að færa sig á milli félaga eftir því sem möguleikar eða forsendur breytast. Ef við hugsum dæmið til enda þá verðum við með kapitalískt kerfi án kapitalista þar sem embættismenn stýra fyrirtækjunum. Við þurfum fleiri hluthafa sem hætta sínu sjálfsafslæti en kerfið í dag er þvert á móti að stækka lífeyrissjóðina enn frekar," segir Heiðar. Hann segir að tvö skilyrði fyrir aðhaldi í rekstri skráðra félaga sé annars vegar það að í stjórn veljist fólk sem eigi eitthvað undir gengi félagsins og hins vegar það að hluthafar geti kosið með fótunum, þ.e.a.s. selt sinn hlut auðveldlega.

Er lítil virkni á markaðinum að raska verðmyndun hjá fyrirtækjum á borð við Sýn að þínu mati?

„Já, ég tel svo vera og það skapar ákveðna sjálfheldu. Hver hættir sér inn ef hann kemst ekki auðveldlega út? Þess vegna eru fyrirtækin með viðskiptavaktir sem bankarnir sjá

um en umfang þeirra nemur aðeins nokkrum tugum milljóna króna. Það þýðir að ef einhver ætlar að láta virkilega til sína taka þarf hann að sæta færnis. Þetta skapar dálítið spastískt viðskiptaumhverfi," segir Heiðar og nefnir í því samhengi að nýlega hafi stór enskur sjóður selt sig niður í Sýn og innlendir einkafjárfestir bætt við sinn hlut á móti.

„Í stað þess að það séu jöfn og þétt viðskipti með bréf, eiga sér stað stór og óregluleg viðskipti þegar það eru gríðarlega ólíkar skoðanir á markaðinum," segir Heiðar.

Spurður hvort afskráning fyrirtækja verði fýsilegri kostur í þess konar umhverfi segist Heiðar telja það líklegt. Hlutabréfamarkaðinum hafi verið komið á fót til þess að almenningur eigi auðveldara með að fjárfesta í atvinnulífínu en ekki síður til þess að fyrirtæki eigi greiðari aðgang að fjármagni.

„Það hlýtur að vera að fjárfestar, sem fá ekki þann aðgang að fjármagni sem hlutabréfamarkaður á að veita þeim en er hins vegar með alla upplýsingaskylduna, velti fyrir sér hvort að það sé þess virði að hafa fyrirtækin áfram skráð," segir Heiðar. Þá segir hann að lítil virkni sé stór fyrirstaða í vegi erlendra fjárfestingar í íslenskum verðbréfum. Erlendir fjárfestar horfi til þess að geta auðveldlega farið inn á markaðinn og út af honum.

Sogast inn í kerfið

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims og langstærsti hluthafinn, segir að töluverð velta hafi verið með bréf félagsins og hann sé ánægður með veru þess á markaði. Hins vegar séu umsvif lífeyrissjóðanna áhyggjuefni.

„Allt sparifé landsmanna sogast inn í lífeyrissjóðakerfið. Þar er allur sparnaðurinn í dag og það er áhyggjuefni ef sjóðirnir verða afl í samfélaginu sem þolir enga skoðun," segir Guðmundur og nefnir í framhaldinu sölu Gildis lífeyrissjóðs á nær öllum hlut sínum í Brimi í lok sumars.

„Í tilfelli Brims þá selur Gildi lífeyrissjóður hlutabréfi í Brimi fyrir 4.990 milljónir króna án þess að nokkur fái að vita af því. Þetta gerði hann til þess að komast fram hjá eigin reglum vegna þess að ef selt er fyrir 5.000 milljónir eða hærrí upphæð þarf samþykki stjórnar Gildis en síðan koma þeir fram og segjast vera með betra síðferði en allir aðrir á markaðinum," segir Guðmundur.

Merki um lausafjárskort

Fjárfestingafélagið Brimgarðar er á meðal stærstu einkafjárfestanna í fasteignafélögunum Eik, Regin, Reitum og Heimavöllum. Gunnar Þór Gíslason, einn eigenda Brimgarða, segir að innlendir fjárfestar hafi yfirleitt mátt vera nokkuð sáttir með veltu hlutabréfa í Kauphöllinni og bendir á að velta með bréf Arion banka í sænsku kauphöllinni sé oft á tíðum ekki mjög merkileg. Lítil velta sé hins vegar enn eitt merkið um lausafjárskort í hagkerfinu og dragi úr rétttri verðmyndun á markaði.

„Það er búið að skrúfa fyrir peningaflæðið. Við sjáum þess merki víða og það er spurning hvort það dugi að henda Íbúðalánasjóði út úr innlánsviðskiptum hjá Seðlabankanum eða hvort meira þurfi til eins og til dæmis að gera skuldabréf fasteignafélaganna vedhæf í viðskiptum við Seðlabankann," segir Gunnar og vísar þar til þess að Íbúðalánasjóði verði frá og með 1. apríl næstkomandi óheimilt að ráðstafa lausu fé sjóðsins til fjárfestinga í bundnum innlánum í Seðlabankanum. Þess í stað þarf Íbúðalánasjóður að leita annarra fjárfestingarkosta, meðal annars í innlánsreikningum í viðskiptabönkunum, sértryggðum skuldabréfum bankanna og ríkiskuldabréfum. Innlán sjóðsins í Seðlabankanum hlaupa á tugum milljarða króna.

„Þessi lausafjárskortur er ekki bara slæmur fyrir verðbréfamarkaðinn heldur einnig fyrir fjárfest-

ingar utan verðbréfamarkaðsins," segir Gunnar. Þá sé umhugsunarvert hversu miklir fjármunir renna til lífeyrissjóðanna.

„Það fer nánast allur sparnaður launþega til lífeyrissjóðanna sem er ekki endilega gott fyrir verðmyndun á markaði vegna þess að þeir eru með sambærileg viðhorf til fjárfestinga. Þetta er einsleitur fjárfestahópur. Ég tel að það væri til bóta að skoða losun séreignarsparnaðar þannig að fólk geti falið verðbréfafyrirtækjum að ávaxta séreignarsparnaðinn sinn, eða þannig að hægt verði að vera með sérstaka bundna verðbréfareikninga sem fólk stýrir sjálf."

Er lítil virkni á markaðinum hindrun þegar kemur að því að lada erlenda fjárfesta að íslenska hlutabréfamarkaðinum?

„Ég er ekki viss um það og ég held að þeir erlendu sjóðir sem hafa verið á markaðinum geti verið sáttir við hvernig þeim gekk að komast inn og út. Undirverðlagður markaður skapar líka ákveðin kaupþækifæri sem vekja áhuga erlendra aðila." Verður afskráning félaga fýsilegri kostur þegar virkni á markaði er með þeim hætti sem hún er í dag?

„Nei, ég get ekki alveg tekið undir þau sjónarmið. Ég sé ekki hvernig verðmyndun verður betri við að taka félög af markaði. Ef fjárfestar telja að verðið sé of lágt þá verða þeir einfaldlega að halda í bréfin eða kaupa, eða fá félögin til að kynna starfsemi sína með öflugri hætti fyrir fjárfestum. Ég sé það ekki sem merki um það að menn þurfi að taka félög af markaði."

Yfirsýnin mikilvæg

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, segist taka undir mikilvægi þess að hlutabréfamarkaðurinn sé virkur hvað varðar seljanleika og viðbrögð við nýjum upplýsingum. Í því sambandi verði að hafa í huga að margir sjóðir horfa til langs tíma í fjárfestingum og að meta þurfi ávinning á skammtíma viðbragði og langtíma horfum.

„Það eru gerðar ríkir kröfur til lífeyrissjóða en einkafjárfesta um að þeir dreifi eignum sbr. að hámarks eignarhlutur sé 20% og þeir beri niður þar sem verðmætasköpun er stöðug yfir langan tíma. Þegar illa gengur hjá félaga er stundum kallað eftir því að lífeyrissjóðirnir selji ekki vegna þess að það hafi neikvæð áhrif. Síðan þegar vel gengur kalla sumir eftir því að lífeyrissjóðirnir selji til að mynda framboð. Lífeyrissjóðirnir eru langtímafjárfestar og því ekki óeðlilegt að þeir séu ekki mjög virkir með hluti sem þeir skilgreina sem langtímafjárfestingu."

David Rúðólfsson hjá Gildi segist ekki hafa miklar áhyggjur af veltunni á hlutabréfamarkaðinum.

„Takmörkuð velta á hlutabréfamarkaði er ein og sér ekki endilega líkleg til að hafa mikil áhrif á mögulegar afskráningar félaga, ég held að það séu aðrir þættir sem hafa mun meira að segja hvað það varðar," segir David.

Takið þið undir það sjónarmið að æskilegt sé að færa meira fjármagn í virka stýringu?

„Ég held að samdráttur hjá þessum hlutabréfasjóðum stafi af tvennu. Annars vegar hafa einkafjárfestar minnkað við sig og það er eitthvað sem tekur breytingum eftir áhuga þeirra hverju sinni. Hins vegar hafa einverjir lífeyrissjóðir minnkað við sig í þessum hlutabréfasjóðum og fært stýringuna innanhúss sem er það fyrirkomuleg sem við höfum haft hjá Gildi.

Eignir Gildis í innlendum skráðum hlutabréfum eru í virkri stýringu hjá eignastýringu sjóðsins og við erum almennt nokkuð virkur þátttakandi á þeim markaði. Við höfum ekki haft þá stefnu að nota ytri stýringaraðila fyrir slíkar fjárfestingar enda myndi það kosta sjóðinn talsverða fjármuni. Fyrir okkur sem langtímafjárfesti er mjög takmarkaður ávinningur af mikilli veltu hlutabréfasafnsins, þ.e. tíðum viðskiptum til skamms tíma."

bréfamarkaði þó að veltan sé lítil. Við sjáum til dæmis mörg þannig félög á sænska hlutabréfamarkaðinum. Auk þess er alltaf gæðastimpill að vera á markaði og ef það eru fáir hluthafar á bak við félag og veltan lítil þá gæti þetta verið kostnaður sem hluthafar vilja losna við. Þá vaknar hins vegar sú spurning hvort hluthafar hafi fjárhagslegt bolmagn til að taka félagið af markaði," segir Jóhann.

Ef við hugsum dæmið til enda þá verðum við með kapitalískt kerfi án kapitalista þar sem embættismenn stýra fyrirtækjunum.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar



segir að það megi að hluta til skrifa á fjármálahrunið og afleiðingar þess einnig hafi fasteignamarkaðurinn dregið til sín fjármagn.

„Hlutabréfamarkaðurinn er búið að vera í lægð í allt að fjögur ár og það dregur einnig úr vilja einstaklinga, þá sér í lagi þeirra sem kannski gætu flokkast sem spákaupmenn til að vera þátttakendur á markaðinum. Margir þeirra hafa einnig brennt sig illa og hafa því kosið að halda sig frá honum undanfarid. Mér finnst ekkert ólíklegt að þegar markaðurinn fer að glæðast á ný þá mæti þessi hópur fjárfesta í auknum mæli á nýjan leik á markaðinn," segir Svanhildur. Þá segir hún að íslenska lífeyrisskerfið sé með þeim öflugustu á heimsvísu hvað sjóðsöfnun varðar sem geri það þó að verkum að gríðarlegir fjármunir safnist á hendur örfárra sjóða. Í ofanálæg hafi lífeyrissjóðum fækkað.

„Fáir aðilar og gríðarstór og dreifð eignasöfn gera það að verkum að líf-

Samstarf sem skilar neytendum ábata



Hallmundur Albertsson lögmaður hjá VÍK Lögmannsstofu og sérfræðingur í samkeppnisrétti

Umræða og umfjöllun um tillögu í lagafrumvarpi um breytingar á samkeppnislögum, sem felur í sér að fyrirtækjum verði falið að meta það sjálf hvort samstarf þeirra samræmist samkeppnislögum í stað þess að þurfa að sækja um undanþágu fyrir samstarfi til Samkeppniseftirlitsins, hefur verið á villigötum frá því frumvarpið kom fram. Er látið í veðri vaka að breytingin, verði hún samþykkt, veiti fyrirtækjum auknar heimildir til samskipta og samráðs um viðskiptaleg málefni. Því fer fjarri. Hið stranga bannákvæði samkeppnislaga við ólögmatu samráði eða samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja, sem getur leitt til stjórnvaldssekta á fyrirtæki og refsibýrgðar einstaklinga, mun standa óhaggað eftir sem áður.

Í viðtali við Gylfa Magnússon, doktor í hagfræði og dósent við viðskiptafræðideild HI, á Morgunvakt Rásar 1, þann 24. október sl., lét Gylfi hafa það eftir sér að tillagan myndi grafa undan Samkeppniseftirlitinu og væri stórhættuleg því hún veitti stjórnendum fyrirtækja heimild til að hittast á fundum, ræða sameiginleg mál og hvar þeir geta náð árangri sameiginlega fyrir fyrirtæki

sín. Framhaldsspurningu þáttastjórnanda um hvort menn gætu aftur tekið upp fundarhöld í Óskjuhlíðinni svaraði Gylfi: „Ja, þeir þurfa þess ekki einu sinni þeir geta haft bara fundinn með snittum og pilsner í virðulegum skrifstofum þannig að það er náttúrulega miklu þægilegra en að vera að hittast í Óskjuhlíðinni. Kannski er það framfararskrefsvona í einhverjum skilningi.“

Gylfi er jafnframt fyrirverandi ráðherra samkeppnismála og fyrirverandi stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins auk þess að hafa verið starfandi sem ráðgjafi þess frá árinu 2013. Það er bagalegt að málsmetandi fræðimaður og kunnáttaður um samkeppnismál skuli fara með slíka rangfærslu. Að ýja að því að tillagan feli í sér heimild til ólögmatu samráðs er afbökun á staðreyndum máls.

Tillaga frumvarpsins gengur út á að færa íslensk samkeppnislög til samræmis við löggjöf annarra ríkja á EES-svæðinu og auka með því skilvirkni við framkvæmd samkeppniseftirlits í þágu atvinnulífs og neytenda en því fer fjarri að hún stuðli að veikara eftirliti. Það er ekki reynslan af starfi framkvæmdastjórnar ESB eða eftirlitsstofnunar annarra ríkja á EES-svæðinu.

Samstarf sem hefur jákvæð efnahagsleg áhrif

Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 eru allir samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja sem koma í veg fyrir eða raska samkeppni bannaðar. Gildir einu hvort samráðið er formlegt eða óformlegt. Í 15. gr. laganna er undanþáguheimild

sem heimilar samstarf ef það:

- stuðlar að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflir tæknilegar og efnahagslegar framfarir
- veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af því hlýst
- leggur ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð
- veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Samstarf fyrirtækja kann því að vera heimilt þegar jákvæð samkeppnisleg áhrif eru meiri en þau neikvæðu samkeppnislegu áhrif sem samstarfið kann að hafa í för með sér. Jafnframt þarf að vera hægt að sýna fram á það að jákvæð efnahagsleg áhrif skili sér til neytenda og að samstarfið gangi ekki lengra en þörf krefur til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Sem dæmi um samstarf sem hefur verið heimilað á Íslandi á grundvelli undanþágunnar má nefna undanþágu Nova og Vodafone til samstarfs í því skyni að ná fram hagráðingunni í fjárfestingum og rekstri dreifikerfis fyrir farsímaþjónustu, samstarf banka og sparisjóða (Auðkenni) til kaupa, uppsetningar og innleiðingar á öryggisbúnaði vegna netbankaviðskipta, heimild Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu til að eiga í samstarfi um að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja hvort sitt ljósleiddaraneitið, heimild til samstarfs tæknimanna



Það er bagalegt að málsmetandi fræðimaður og kunnáttaður um samkeppnismál skuli fara með slíka rangfærslu.

sem starfa að net- og upplýsingaöryggismálum fjármálafyrirtækja til að vinna gegn ógnum sem stöðja að netöryggi og netglæpum sem beinast að fjármálafyrirtækjum og samstarf olíufyrirtækja um rekstur sameiginlegrar eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Fjöldmörg fleiri dæmi væri hægt að nefna.

Ætla má að þörf fyrir nýtingu undanþágunnar kunni að aukast í hinu smáa hagkerfi á Íslandi þar sem þörf fyrir samnýtingu innviða og ör tæknipróun kann að kalla á auknið samstarf til að standast sífellt harðnandi alþjóðlega samkeppni.

Tillaga frumvarpsins felur í sér að í stað þess að fyrirtækjum beri skylda til að sækja um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins fyrir samstarfi verði mat og ábyrgð á því hvort samstarf fyrirtækja standist undanþáguheimildina, fært til fyrirtækjanna. Bera þau sjálf þá ábyrgð á því að haga samningagerð sín á milli og samstarfinu öllu með þeim hætti að það samræmist lögum. Samkeppniseftirlitið skal setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag mögulegs samstarfs. Þær leiðbeiningar hafa nú þegar verið gefnar út af ESB og Eftirlitsstofnun EFTA og því hæfur vandi fyrir íslensk stjórnvöld að gefa út samsvarandi leiðbeiningar og annars staðar í Evrópu. Breytingin kallar líka á breytt vinnubrögð

og gerir ráð fyrir því að telji fyrirtæki þörf á, geti þau leitað eftir sértækari leiðbeiningum til Samkeppniseftirlitsins þó hin endanlega ábyrgð liggi alltaf hjá þeim.

Er tillagan í samræmi við breytingar sem tóku gildi annars staðar á EES-svæðinu 1. maí 2004 og var þá ætlað að færa samkeppnisreglur til nútímahorfs. Í dag er Ísland eina landið á Norðurlöndunum og, eftir því sem undirritaður kemst næst en með þeim fyrirvara, á öllu EES-svæðinu sem hefur ekki breytt lögnum til samræmis við hina almennu framkvæmd. Því skal þó haldið til hagnaðs í Danmörku er undanþáguþeðnaleyðin til sem formleg heimild en er vart notuð í framkvæmd. Evrópureglurnar hafa bein réttaráhrif í ríkjum ESB sem gerir það að verkum að þeir samningar sem mestu máli skipta fyrir neytendur falla þar undir.

Þó breytingin láti ekki mikið yfir sér ölli hún og aðrar breytingar í átt að aukinni skilvirkni og virkari útgáfu leiðbeininga eftirlitsstofnana straumhvörfum við samkeppniseftirlit á EES-svæðinu. Hefur breytingin ekki síst stuðlað að betri nýtingu á mannafla eftirlitsstofnana í þágu brýnustu verkefna.

Það er orðið löngu tímabært að samkeppnisreglur á Íslandi verði lagaðar að þörfum markaðarins. Skilvirkari reglur leiða af sér virkari samkeppni og skilvirkara atvinnulíf sem eykur samkeppnishæfni landsins og skilar aukinni velsæld til almennings.

Það er því framar öðru neytendamál að ákvæði lagafrumvarpsins sem miða að aukinni skilvirkni verði að veruleika.



SJÓÐIR OG EIGNASTÝRING

ÓHÁÐ OG FAGLEG EIGNASTÝRING OG SJÓÐIR SÍÐAN 1987.
ÍSLENSK VERÐBRÉF – ÞÍNIR HAGSMUNIR Í EIGNASTÝRINGU.

Íslensk verðbréf er faglegt eignastýringarfyrirtæki sem fjárfestir með óháðum hætti í verðbréfum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Kynntu þér málið á www.iv.is
eða hafðu samband í síma 460-4700



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



Egill segir að mikla samkeppni á markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nætursvefn í fyrsta sæti

Svipmynd

Egill Fannar Reynisson

Nám:
Gagnfræðingur.

Störf:
Verslunarmaður í 23 ár. Betra Bak, Dorma og Húsgagnahöllin.

Fjölskylduhagir:
Giftur Huldu Rós Hákonardóttur. Eignum fjögur börn: Heiði Björgu 15 ára, tvíburana Katrínu Rósu og Reyni Leó 13 ára og Róbert Egil 11 ára.

Egill Fannar Reynisson er framkvæmdastjóri Ger Innflutnings sem á og rekur Húsgagnahöllina, Betra Bak og Dorma-verslanirnar. Fyrirtækið opnaði nýlega Hästens-verslun í Betra baki sem hefur að sögn Egils Fannars farið vel af stað og nú er undirbúningurinn fyrir jóla-verslunina kominn á fullt.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál liggja í sportinu. Ég er alinn upp við mikla íþróttaiðkun á Egilsstöðum þar sem við félagarnir æfðum allt sem hægt var að æfa í íþróttahúsinu. Við náðum nokkuð góðum árangri í fótbolta og handbolta þrátt fyrir að vera ekki stórt bæjarfélag. En ég stunda golf, skíði og veiði og annað rólegra í dag. En mér finnst líka gaman að ferðalögum, heilsu og útivist þar sem maður nær að vera með fjölskyldunni og eða vinum. Einnig er ég alveg ruglaður Liverpool-maður.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég byrja daginn á Wim Hof öndunaræfingum áður en ég hendi mér ofan í kaldan pott og hlusta á krakkana hlæja að mér. Þetta gefur mér aukna orku og hugarró fyrir áttök dagsins. Eftir það er svo kaffibollinn tekinn, krökkunum komið af stað í skólann og 3-4 sinnum í viku mæti ég í ræktina áður en vinnudagurinn hefst.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Why We Sleep eftir Matthew Walker. Klárlega ein af mikilvægustu bókum seinni tíma að mínu mati. Lit öðrum augum á svo margt eftir lestur þessarar bókar. Góður nætursvefn skiptir öllu. Ég set svefninn orðið í fyrsta sæti og reyni að ná 8 tíma góðum nætursvefni að öllu jöfnu. Það er ekki auðvelt en með aga og smá skipulagi er ég að verða betri í þessum efnum. Fórna morgunæfingu til að mynda ef mig skortir svefn. Magnað að upplifa hvað gæðasvefn hefur mikil áhrif á líkama og sál.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni undanfarin misseri?

Við vorum að opna nýja og glæsilega Hästens-verslun í Betra baki sem hefur farið fram úr mínum björtustu vonum og farið frábærlega af stað. Einnig höfum verið að fara vel yfir rekstrarumhverfi fyrirtækja okkar og gert nokkrar krefjandi breytingar. Við erum

Ég hef alltaf litið svo á að við eigum engan viðskiptavin, það er viðskiptavinurinn sem ákveður í hvert skipti hvar hann verslar.

með um 80 manns í vinnu og ég lít á það sem mikið ábyrgðarhlutverk. Með slíkan mannauð eru mér flestir vegir færir því með þessu frábæra fólki er allt hægt og nú erum við á kafi í undirbúningi jóla-verslunar.

Hvaða áskoranir og tækifæri eru fram undan í rekstrinum?

Áskoranirnar eru margar en halda okkur jafnframt á tánum. Við erum í mikilli samkeppni og það hefur reynt almennt á allan rekstur undanfarin ár. Verslun er einnig að færast mikið á vefinn og fylgja því miklar áskoranir sem og tækifæri. Ég hef alltaf litið svo á að við eigum engan viðskiptavin, það er viðskiptavinurinn sem ákveður í hvert skipti hvar hann verslar. Því þurfum við ávallt að vanda okkur með þjónustu, verð og upplifun. Koma viðskiptavinum okkar á óvart og helst að fara fram úr væntingum þeirra. Ef það tekst þá fáum við viðskipti. Þetta hljómar ekki flókið en er afar vandasamt og í raun okkar daglega tækifæri.

Sérðu fram á að rekstrarumhverfið taki breytingum á næstu árum?

Já, vissulega, við lifum á tímum þar sem maður upplifir margar breytingar í veldisáhrifum. Hlutir eru fljótir að breytast, sér í lagi hérna á Íslandi þar sem órar sveiflur í efnahag og gjaldeyri geta haft mikil áhrif á skómmum tíma. Það þarf að vera vel undir það búinn. Einnig erum við ábyrg fyrir mörgum stórum verkefnum sem snúa t.d. að loftslagsmálum, kynjarétti og jöfnun í okkar ágæta samfélagi. Við erum að skipta út plasti í verslunum okkar fyrir endurnýtanlega poka sem dæmi og höfum unnið með jafnlaunavottun í þó nokkurn tíma. Við erum stór aðili í innflutningi og erum í verkefnavinnu tengdri jöfnun á kolefnisfótspori. Öll fyrirtæki þurfa að fara að setja sér stefnu í þessum málum og vonandi náum við að skila þessu vel af okkur fyrir komandi kynslóðir.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Jólanna. Það ríkir mikil jólahefð á okkar heimili og börnin okkar fjögur hafa alist upp við það og ekki draga þau úr stemmingunni. Hulda konan mín byrjar svo yfirleitt að spila jólatónlist í byrjun nóvember. Svo á maður líka afmæli á aðfangadag. Auk þess er það afar kærkomið eftir mikla og skemmtilega vinnu við undirbúning jóla-verslunar að fá að eiga gæðastundir með sínum nánustu.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Ég sé mig í anda lesa þetta viðtal og hugsa „djöfull varstu alvarlegur“. En vonandi verð ég bara sæll og hraustur að gera það sem mér þykir skemmtilegt eða eins og ég segi gjarnan, það er ekkert víst að það klikki.



Samskipta- og Mannauðsstjóri

Terra óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf samskipta- og mannauðsstjóra sem ber m.a. ábyrgð á að setja upp og innleiða samskipta- og mannauðsstefnu fyrirtækisins. Starfið heyrir undir forstjóra og mun viðkomandi sitja í framkvæmdastjórn félagsins. Markaðs- og launadeildir Terra heyra undir samskipta- og mannauðsstjóra.

Helstu verkefni

- Samskipti við hagsmunaaðila og fjölmiðla.
- Ábyrgð á markaðsmálum í samvinnu við markaðsstjóra.
- Ábyrgð á upplýsingaflæði til starfsmanna.
- Ferlaskráningar, m.a. varðandi samskipti innan fyrirtækisins.
- Umsjón með mannauðsmálum í samvinnu við yfirstjórn og rekstrarstjóra.
- Innleiðing og viðhald jafnlaunavottunar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af almannatengslum er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Reynsla af starfsmannastjórnun er nauðsynleg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Terra sinnir fjölbreyttri umhverfisþjónustu fyrir nokkur þúsund fyrirtæki og nokkra tugi þúsunda heimila. Hjá okkur starfa um 250 manns um landið allt. Við viljum að flokkun sé einföld og sjálfsögð og hjálpum fyrirtækjum að bæta umgengni sína við jörðina. Við komum öllum efnum sem falla til innan fyrirtækja í viðeigandi farveg og veitum þá ráðgjöf sem þarf til. Terra hefur metnað fyrir því að skilja ekkert eftir og við viljum hvetja og auðveldla Íslendingum að takast á við þá áskorun. Að skilja ekkert eftir er okkar þýðing á hugtakinu „Zero Waste“ og lýsir vel markmiðum okkar í endurvinnslu og meðhöndlun úrgangs.



Skotsilfur



Slæm skilyrði

Samkeppniseftirlitið undir stjórn Páls Gunnars Pálssonar



setti ströng skilyrði við því að samruni Haga og Olís næði fram að ganga. Höfum var til að mynda gert að selja þrjár Bónus-verslanir og enduðu þær í höndum Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar sem opnaði nýjar verslanir undir vörumerkinu Super1. Nú er búið að loka tveimur af þremur verslunum Super1 og óhjákvæmilega vekur það upp spurningar um hvort ströng skilyrði hafi verið til þess fallin að auka samkeppni á svæðunum. Eða hvort afleiðingarnar séu í raun þær að neytendur séu verr settir vegna framgöngu Samkeppniseftirlitsins í þessu máli.

Meira pláss

Ólíklegt er að sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, sem leidd verður af Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, verði fyrirmynd þegar kemur að hagræðingu í ríkisrekstrinum. Forsætisráðherra



hefur áður sagt að ekki sé stefnt að fækkun starfsmanna hjá sameinaðri stofnun. Nú vill Seðlabankinn hækka Svörtuloft um tvær hæðir í ljósi þess að starfsmönnum mun fjölga um 40 prósent. Húsnæðið er fyrir með 13 þúsunda fermetra gólfplöt og starfsmenn sameinaðrar stofnunar verða um 300 talsins. Það gerir 43 fermetra á mann og þá er ótalinn allur fermetrafjöldinn sem bæst við þegar húsið verður hækkað. Leitun er að plássfrekari stofnun.

Á leið til Fossa

Þórunn Ólafsdóttir, sem hefur starfað sem lögmaður á lögmannsstofnunni SKR, hefur verið ráðin yfir-lögfræðingur Fossa markaða. Hún kemur í stað Birnu Hlinar Káradóttur, sem sagði upp störfum hjá verðbréfafyrirtækinu í haust til að taka við starfi yfir-lögfræðings Arion banka í kjölfar skipulagsbreytinga. Þórunn hefur meistaraþróf í lögum frá Háskólanum í Reykjavík og málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi.



ur að byggjast á gagnkvæmu jafnræði á milli hópa. Það þýðir ekki að keyra áfram, einhverjir sérhópar upp yfir aðra því þá er þetta hrúnið og það hrynur yfir þá hina sömu," sagði Guðmundur Jaki Guðmundsson eftir að skrifað hafði verið undir hina svokölluðu þjóðarsáttarsamninga árið 1990.

Ótroðnar lágvaxtaslóðir



Ásta Fjeldsted framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Ef það heldur ekki, verðlagið, vextirnir og búvöruverðið, ríkisstjórnin, verkalýðsfélagin. Ef einhver hópur fer að vaða uppi í hækkunum fyrir ofan almennt verkafólk, þá er þetta búið. Menn þurfa að átta sig á því að þetta verð-

Kínversk stjórnvöld leggja meiri áherslu á innflutning



Xi Jinping, forseti Kína, ávarpar fjölmiðla á alþjóðlegri innflutningsráðstefnu í Sjanghai en kínversk stjórnvöld munu að hans sögn framvegis leggja meiri áherslu á innflutning en áður. Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta stendur nú frammi fyrir ákvörðun um að afnema suma tolla á kínverskan innflutning til þess að liðka fyrir samningaviðræðum milli stórveldanna. QILAI SHEN/BLOOMBERG VIA GETTY IMAGES

Hin hliðin á peningnum



Kristrún Frostadóttir aðalhogfræðingur Kviku

ó vextir á Íslandi fari nú lækkandi, og séu í sögulegu lágmarki, eru þeir ekki jafn lágir og erlendis. Bandaríska seðlabankanum tókst rétt svo að hafa vexti upp í 2,5% í byrjun árs áður en bankinn hóf vaxtalækkunarferli á ný í sumar. Í síðustu þremur kreppum lækkaði Seðlabanki Bandaríkjanna vexti um 5%, en í þetta skiptið er svigrúmið helmingi minna. Enda var hætt við vaxtalækkun í síðustu viku, af ótta við að spila út svigrúminu ef efnahagsástandið skyldi versna verulega á komandi ári. Þá hafa stýrivextir í Evrópu verið neikvæðir frá því í júní 2014. Evrópski seðlabankinn leitar á ný leiða til að lækka markaðsvexti enn frekar með markaðsáðgerðum í formi verðbréfakaupa, svokallaðri magnbundinni íhlutun (e. quantitative easing). Neikvæðu vextirnir hafa smitast út í kerfið, eins og ætlunin var. Evrópskir bankar rukka

nú eigendur stórra innistæðna fyrir að leggja peningana inn á bankabók. Þýska ríkið fjármagnaði sig til 10 ára fyrr í haust á neikvæðum vöxtum, sem þýðir að fjárfestar fá minna til baka en þeir upphaflega lánuðu ríkinu.

Íslenskir lántakendur kunna að horfa öfundaraugum á þessa stöðu. En það er önnur hlið á peningnum. Þó tilhneigingin sé að skipta landsmönnum upp í tvo hópa, þá sem eiga fjármagn og þá sem fá fjármagn að láni, er það einföldun. Við leggjum öll fyrir að minnsta kosti 15,5% af tekjum okkar fyrir skatt í lífeyrissjóð til ávöxtunar. Stærsti hluti útborgaðs lífeyris kemur til vegna ávöxtunar sem er skattfrjál. Vaxtavextir leika hér lykilhlutverk, en með því að taka ekki út vaxtatekjur fær fjárfestir ekki aðeins vexti greidda á fjármagninu sem lagt er inn í sjóðinn, heldur einnig á vaxtatekjur. Ef ávöxtunin er 8% verða 100 þúsund krónur að 260 þúsund á tuttugu árum ef vaxtatekjur eru teknar út, en að 466 þúsund krónum ef vaxtatekjur sitja óhreyfðar. Skyldusparnaður í lífeyrissjóð er því mikil fjárfesting og skiptir ávöxtunin þar lykil máli.

En vaxtavextir falla um sjálfa sig ef vextir verða neikvæðir, bæði nafnvextir og raunvextir, því minna



Viðhorf okkar Íslendinga til vaxta hefur ef til vill ráðist af þeirri sögulegu staðreynd að við höfum verið skuldaraþjóð

verðmæti situr eftir en lagt var inn. Lífeyrissjóðir í Evrópu, og Japan þar sem vextir hafa verið lágir í langan tíma, standa nú frammi fyrir tvíþættum vanda; hækkandi lífaldur krefst enn betri ávöxtunar til að standa straum af lífeyrisgreiðslum til lengri tíma en ella, á sama tíma og erfiðara reynist að finna ávöxtun. Í Japan hafa fjárfestingar utan hins hefðbundna skulda- og hlutabréfamarkaðar aukist hratt, eignir sem eru ekki auðseljanlegar en veita von um jákvæða ávöxtun. Að jafnaði er gerð krafa til lífeyrissjóða að fjárfesta í öruggum eignum sem bjóða upp á stöðugt greiðsluflæði, en vandi skapast þegar öruggu eignirnar á markaðnum bjóða litla sem enga, eða jafnvel neikvæða, ávöxtun. Þó lækkandi vextir hafi hækkað verð á eldri skuldabréfum, og margir fjárfestar notið góðs af því, þá bjóða

nýjar útgáfur í núverandi vaxtaumhverfi upp á litla ávöxtun. Lífeyrissjóðir horfa til framtíðarávöxtunar til að mæta skuldbindingum langt fram í tímann, ekki aðeins stöðunnar í dag.

Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið á að auka erlendan sparnað Íslendinga í gegnum fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Hátt í hundrað milljarðar króna af lífeyrissfé leita nú út úr landinu í betri eignadreifingu árlega. Sjóðirnir okkar mæta nýjum veruleika lágvaxtastefnunum erlendis þar sem erfiðara gæti reynst að læsa inn örugga og góða ávöxtun næstu árin. Viðhorf okkar Íslendinga til vaxta hefur ef til vill ráðist af þeirri sögulegu staðreynd að við höfum verið skuldaraþjóð. Erlendar skuldir voru meiri en eignir, enda eina leiðin til að fjármagna þann viðvarandi viðskiptahalla sem var við lýði frá seinni heimsstyrjöld fram til 2009. Staðan er nú önnur því hrein erlend staða landsins, eða eignir umfram skuldir, hefur aldrei verið betri. Nú lánun við umheiminum, og efram heldur sem horfir, á lágum vöxtum. Snertipunktur finnast þannig við þetta einstaka lágvaxtaástand, án þess að íslenskir vextir séu til umræðu.



Haldist skilyrði fyrir frekari vaxtalækkunum þurfa landsmenn þó jafnframt að hafa það hugfast að engin er rós án þyrna.

lægri. Færa má rök fyrir því að í fyrsta sinn á tímum nútíma hagstjórnar megi tala um Ísland sem lágvaxtaland. Það verður umfjöllunarefni árlegs Peningamálafundar Viðskiptaráðs sem fram fer á morgun. Lágum vöxtum ber að

fagna en hvort tveggja heimilin og viðskiptalíf hafa lengi bedið um og bedið eftir lækkun vaxta.

Haldist skilyrði fyrir frekari vaxtalækkunum þurfa landsmenn þó jafnframt að hafa það hugfast að engin er rós án þyrna. Lág vaxtastig kemur fram í lægri kostnaði einstaklinga og fyrirtækja en hin hliðin á peningnum er sú að það felur í sér lægri ávöxtun sparnaðar. Slikt getur til að mynda haft viðtæk áhrif á lífeyrissjóði landsins og skapað hvata fyrir sjóðina til þess að sækja í áhættumeiri eignir.

Yfirskrift Peningamálafundarins er töluvert breytt frá því í fyrra

þegar við hjá Viðskiptaráði veltum því upp hvort við yrðum hávaxtaland að eilífu. Lágir vextir geta þó verið skammgóður vermir ef illa fer í samningum hins opinbera við starfsmenn sína. Missi samningsaðilar sjónar á stóra samhengi efnahagsmálanna er hætt við að Seðlabankinn neyðist til þess að hækka vexti á ný sem aftur grefur undan Lífskjarasamningunum og getur leitt til enn frekari vaxtahækkana. Það er því mikið undir og verður fróðlegt að heyra sjónarhorn nýs seðlabankastjóra á þau úrlausnarefni í hagstjórn sem standa fyrir dyrum um þessar mundir.

STÓLADAGAR Í NÓVEMBER

30% AFSL. AF VÖLDUM STÓLUM!



HEADPOINT
TILBOÐSVERÐ
54.900 KR.
Listaverð 79.900 kr.



OPEN POINT
TILBOÐSVERÐ
36.900 KR.
Listaverð 52.900 kr.



SUPPORT
TILBOÐSVERÐ
20.900 KR.
Listaverð 30.000 kr.



VIDEN PRO
TILBOÐSVERÐ
109.900 KR.
Listaverð 158.900 kr.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



W7 LIGHT
TILBOÐSVERÐ
99.900 KR.
Listaverð 144.900 kr.



ERGOMEDIC 100-3
TILBOÐSVERÐ
132.900 KR.
Listaverð 189.900 kr.



CUBE
TILBOÐSVERÐ
54.900 KR.
Listaverð 78.900 kr.



STYL VISITOR
TILBOÐSVERÐ
11.900 KR.
Listaverð 17.500 kr.

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Gullnáma Kolbeins

Stundum þarf að kippa vinstri mönnum niður á jörðina. Sérstaklega þegar þeir telja sér og öðrum trú um að ríkisbankar séu óþrjótandi gullnáma. Því miður erum við ekki svo heppin. Annars hefði fátækt verið útrýmt með einföldum hætti.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, fór mikinn á Sprengisandi á sunnudag. Hann er orðheppinn og það geislar af honum sjálfsöryggið. Þingmaðurinn taldi að þjóðin væri í einstakri stöðu því stærsti hluti bankakerfisins væri í ríkiseigu. Vikka ætti sjóndeildarhringinn og hugsa bankakerfið út frá loftslagsmálum. „Leyfum okkur að hugsa ekki allt út frá ströngum kapítalískum kröfum um arðsemi heldur þjóðarheill,“ sagði þingmaðurinn.

Það er mikilvægt að horfast í augu við loftslagsvána og leita leiða til að til að stemma stigu við hlýnun jarðar. Það er engu að síður ekki málstaðnum til framdráttar að nota hann sem yfirvarp til að knýja fram gamla pólitíska draumsýn um ríkisbanka.

Þeir stjórnálamenn sem vilja að ríkið fjármagni umbótaverkefni í þágu loftslagsmála ættu einfaldlega að horfa til þess að nýta fjármuni ríkisins en ekki eiga bankakerfið. Bankar eru enda áhættusamir, mikið fé getur tapast á skömmum tíma. Það er óæskilegt að ríkið bindi verulegt fjármagn í þeim í stað þess að leggja fjármunina í skynsamlegri verkefni.

Það er raunar þjóðarheill að bankar víki ekki frá „ströngum“ kröfum um arðsemi. Horfa þarf til þeirra við lánveitingar. Þegar víkið er frá arðsemiskörfu er hætt við að eigið fé banka fari hratt þverrandi.

Kolbeinn, sem er sagnfræðingur, vildi læra af sögunni og benti á að ríkið hefði eignast banka við hrun þeirra árið 2008. Eflæra á af sögunni er rétt að rifja upp að þróun banka á Íslandi fékk skjótan endi árið 1930 með yfirtöku ríkisins á bankakerfinu og fjármagnshöftum ári síðar. Ríkisreksturinn gerði það að verkum að bankakerfið á Íslandi á tuttugu öldinni var vanþróað samanborið við önnur vestræn ríki. Það hafði ekki sömu burði og þekktist annars staðar til að þjónusta heimilin og fyrirtækin sem dró úr lífsgæðum í landinu.

Ríkisbankarnir sigldu ekki lygnan sjó heldur þurfti hið opinbera að koma þeim til bjargar á þessum árum. Það er óþarfi að endurtaka þann tíma. Ríkisbankar veita falskt öruggi og eru helsti.

Dagný yfir uppbyggingu baðlóns

Dagný Hrönn Pétursdóttir verður framkvæmdastjóri fyrirtækisins Geothermal Lagoon samkvæmt heimildum Markaðarins en fyrirtækið hyggst byggja baðlón á Kársnesinu með útsýni út á Faxaflóa. Dagný starfaði um árabíl sem framkvæmdastjóri Bláa lónsins en hún lét af störfum haustið 2017. Á síðasta ári tók hún við starfi stjórnarformanns í Íslenskum fjárfestum.




Dagný Hrönn Pétursdóttir.

Unnið er að hönnun baðlónsins og gera áætlanir ráð fyrir að það rísi í Kársnesi árið 2021. Þá var greint frá því að kanadíska fyrirtækið VIAD hefði fjárfest fyrir 14 milljónir kanadískra dala, eða um 1,3 milljarða króna, og fengið 51 prósent hlut í rekstrarfélagi lónsins. VIAD, sem er skráð í kauphöllinni í New York, starfar í Bandaríkjunum, Kanada, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Mið-Evrópu. – tfh

31.10.2019

Aðrar reglur samkeppnislaga eru nægilega strangar og SKE getur ávallt gripið inn í ef fyrirtæki misstiga sig. Það er feikinóg.

Hörður Felix Harðarson lögmaður



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



102Reykjavík

Nýr áfangi í sölu

Valshlíð - Fálkahlíð - Smyrilshlíð

Nú bætast við rúmlega 50 nýjar íbúðir við Hlíðarenda til sölu.

Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar vor/sumar 2020.

Hátt í 50 íbúðir seldar í fyrri áfanga.



Skoða má allar íbúðirnar á 102reykjavik.is og miklaborg.is



Fullbúin sýningaríbúð



OPIÐ HÚS

Á morgun fimmtudag 7. nóv.
frá kl 17:00 til 18:00

- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í 102 Reykjavík.
- Vandaðar ítalskar innréttingar, fataskápar ná allir upp í loft, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgir öllum íbúðum.
- Húsin liggja umhverfis garð í miðjunni og þar undir er tveggja hæða bílakjallari.

- Lögð er megin áhersla á litlar og meðalstórar vandaðar íbúðir, innréttaðar á hagkvæman og þægilegan máta.
- Skoða má íbúðirnar á vefsíðunni www.102reykjavik.is



Lítið við og fáid nánari upplýsingar.

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

Lágmúla 4, 108 Reykjavík
Sími 569 7000 | miklaborg.is

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

Lydia Jónsdóttir

Norðurbakka 9A, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 31. október síðastliðinn. Útför fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 11. nóvember klukkan 13.00.

Einar Skaftason

Jón Arinbjörn Einarsson Bryndís Jenný Kjærbo
Edda Anika Einarisdóttir Elmar Ingvi Haraldsson
Jón Arinbjörn Ásgeirsson
Hjalti Hávarðsson
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Signa Hallberg Hallsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu

Lögmannshlíð laugardaginn

2. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Oddfellowregluna á Akureyri.

Ólafur Búi Gunnlaugsson Agnes Jónsdóttir
Hallá S. Gunnlaugsdóttir Haukur Harðarson
Helga H. Gunnlaugsdóttir Stefán Birgisson
ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fjóla S. Hannesdóttir

frá Hnífsdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði, sunnudaginn 27. október síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Hnífsdalskapellu laugardaginn 9. nóvember kl. 14.00.

Hannes Óskarsson Sigríður Jóna Þráinsdóttir
Friðbjörn Óskarsson Guðrún Hreinsdóttir
Aðalsteinn Óskarsson Guðrún Hermannsdóttir
Indriði Óskarsson Laufey Ólafsdóttir
Guðmundur Páll Óskarsson Gerður Engilrós Einarisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur G. Óskarsson

Smáragrund, Skagafirði,

lést 1. nóvember.

Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju föstudaginn 8. nóvember klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

Eyrún Ósk Þorvaldsdóttir Rúnar Páll Björnsson
Edda Björk Þorvaldsdóttir Finnur Jón Nikulássson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Dagbjört Þórðardóttir

Njarðarvöllum 2, áður til heimilis að Grundarvegi 13, Njarðvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Nesvöllum sunnudaginn 27. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Hrafnistu, Nesvöllum, fyrir góða umönnun og hlýju.

Hörður Óskarsson Hildur Kristjánsdóttir
Margrét Óskarsdóttir Rúnar R. Woods
Guðmundur Óskarsson Hrafnhildur Svavarsdóttir
Þórður Óskarsson Natalia Herrera
Auður Óskarsdóttir Sverrir Sverrisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástríða fyrir Flugsafninu

Steinunn María Sveinsdóttir sagnfræðingur er nýr safnstjóri Flugsafns Íslands sem er á Akureyrarflugvelli. Hún segir það lifandi stað og alltaf eitthvað um að vera.

Flug vekur áhuga margra. Fæstir hafa sérþekkingu á því eða kunna að fljúga en fólki finnst það spennandi og ánægjusvipur þess leynir sér ekki þegar það fer hér í gegn,"

segir Steinunn María Sveinsdóttir sem er nýlega tekin til starfa sem safnstjóri Flugsafnsins á Akureyri. Hún er með BA-gráðu í sagnfræði og safnafræði frá Aarhus Universitet, auk þess sem hún hefur lagt stund á meistaranám í safnafræði við Háskóla Íslands. Undanfarin fimm ár hefur hún starfað sem fagstjóri Sildarminjasafns Íslands á Siglufirði.

Steinunn segir eigin flugáhuga hafa aukist í seinni tíð, enda sé eiginmaðurinn, Þorvaldur Lúdvík Sigurjónsson, flugmaður og hann reki lítill flugfyrirtæki. „Flugheimurinn er orðinn fyrirferðarmeiri í lífi mínu en áður og ég er farin að fljúga meira en ég gerði. En ég er úr sjómannafljóslydu og hef starfað í Sildarminjasafninu svo mér er tamara að tala um fiska og báta en flug. En þessi svið eru lík að því leyti að það er sértækur orðaforði í þeim báðum og ég læri þennan nýja hægt og rólega. Það er gott að geta spurt Þorvald ef einhver orð vefjast fyrir mér og svo er ég, sem betur fer, umvafin mönnum sem koma reglulega í kaffi á safnið og eru hafsjór af fróðleik. Að safninu standa nefnilega hollvinasamtök og það er dýrmætt hverju safni að eiga slíkan hóp.“

Steinunn tók við keflinu af Gesti Einari Jónassyni sem hafði sinnt safnvörslunni í 10 ár og hún reiknar með að hann kiki í kaffi. „Gestur Einar verður alltaf örjúfanlegur hluti af þessu safni á einn eða annan hátt og ég á örugglega eftir að læra margt af honum," segir hún.

Reglulegur opnunartími er á Flugsafninu frá maí út september. Yfir veturinn er opið milli 14 og 17 á laugardögum, annars eftir samkomulagi. „Í þessum heimi lærist manni fljótt að vera sveigjanlegur og reyna að opna þegar fólk kemur.

Ég er hér á dagvinnutíma og ef fólk kemur hleypi ég því inn ef ég hef tækifæri til," segir Steinunn og kveðst þó alltaf hafa nóg annað að sýsla. „Okkur er ætlað að sinna fimm grunnstöðum safna, að varðveita, skrá, rannsaka og miðla. Það er heljarinnar vinna. Við erum svo heppin að hollvinasamtökin vinna að viðhaldi á ýmsu hér og svo koma flugvirkjanemar í janúar á hverju ári til að skoða og læra. Þetta er mjög lifandi staður, alltaf eitthvað um að vera, menn eru hér að laga og taka til, smíða mólur eða hvað annað sem liggur fyrir, þannig að ég er sjaldnast ein. Fólk hefur ástríðu fyrir safninu, maður finnur það glögg, enda er vaggja innanlandsflugsins á Akureyri.“

Flugsafnið er ríkt af alls konar gripum,



„Flugheimurinn er orðinn fyrirferðarmeiri í lífi mínu en áður.“ MYND/AUDUNN NIELSSON



Hingað hefur komið fólk sem þyrlan hefur bjargað og það hafa verið lögð blóm við hana.

bæði smáum og stórum. Steinunn segir safnmuni stöðugt að berast og það sé af hinu góða. Fólk hafi safnið í huga þegar það sé að taka til. Hún bendir á að til séu samtök íslenskra sjómínjasafna, enda séu mörg slík í landinu en bara eitt stórt flugsafn. Þess vegna hafi það svo stórt hlutverk. „Við erum að varðveita gripi sem eru mikilvægir í sögulegu samhengi – flugfélög koma og fara og hingað

berast gripir sem eru ekkert endilega mjög gamlir en eru samt hluti af sögunni og fólk leyfir okkur að meta varðveislugildi þeirra áður en það hendir þeim.“

Spurð hvort einhver safngripur fái athygli umfram annan nefnir Steinunn svifflogu sem hangi niður úr loftinu. „Svifflogan var smíðuð hér á Akureyri á fjórða áratugnum og er afskaplega fallegur gripur. Svo eru hér vélar frá Landhelgisgæslunni, bæði Fokker og björgunarþyrlan Sif. Þær hreyfa við fólk. Hingað hefur komið fólk sem þyrlan hefur bjargað og það hafa verið lögð blóm við hana. Ekki náttúrulega í minni tíð, enda er ég bara búin að vera hér í nokkra daga. Fólk má ganga um Fokkerinn svo það er ekki þannig að fólk megi bara horfa en ekkert snerta.“

gun@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, systir, mágkona og tengdadóttir,

Hildur Davíðsdóttir

Háteigsvegi 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 1. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Hreinn Hafliðason

Valborg Davíðsdóttir Ragnar Breiðfjörð Ragnarsson
Kristrún Davíðsdóttir Ásgeir Eiríksson
Jenný Davíðsdóttir Ólafur Einarsson
Elsa María Davíðsdóttir Daniel Sveinsson
Jónína B. Sigurðardóttir Hafliði Hjartarson
Hjörtur Hafliðason Anna Bára Baldvinsdóttir
og systkinabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Birgir Ísleifur Gunnarsson

fyrirverandi borgarstjóri og seðlabankastjóri, Fjölnisvegi 15, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, mánudaginn 28. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 15.00.

Björg Jóna Birgisdóttir Már Vilhjálmsson
Gunnar Jóhann Birgisson Sveinbjörg Jónsdóttir
Ingunn Mjöll Birgisdóttir Viktor Gunnar Edvardsson
Lilja Dögg Birgisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Rafgeymar

Meðal
viðskiptavinna
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 1 5 °C ←	Ísafjörður -4 4 °C ↑	Akureyri -3 1 °C ↑
Egilsstaðir -4 2 °C ↘	Kirkjubæjarkl 0 3 °C ↙	Hveravellir -5 5 °C ↗

Austlæg átt 3-10 m/s. Snjócoma SA-til, annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Austan 3-8 á morgun, þurrt og víða bjart veður, en 8-13 m/s og él syðst á landinu. Hiti kringum frostmark, en frost 0 til 5 stig á N- og A-landi í dag og kaldara þar á morgun.

Fimmtudagur

Reykjavík 1 2 °C ←	Ísafjörður -4 1 °C ↖	Akureyri -3 1 °C ↑
Egilsstaðir -5 1 °C ↗	Kirkjubæjarkl 0 2 °C ↘	Hveravellir -9 4 °C ↗

Föstudagur

Reykjavík 4 7 °C ↖	Ísafjörður -3 2 °C ↖	Akureyri -10 1 °C ↑
Egilsstaðir 0 3 °C ↑	Kirkjubæjarkl 5 7 °C ↖	Hveravellir 0 10 °C ↑

LÉTT

1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

MIDLUNGS

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

PUNG

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Krossgáta

LÁRÉTT

- Fugl
- Blæ
- Íþróttafélag
- Elskaður
- Í röð
- Á sjó
- Flaustur
- Eyðing
- Spilasort
- Guma

LÓDRÉTT

- Þrjóta
- Pár
- Skalt
- Fóðurfrekja
- Skrölta
- Ávalur
- Æsa
- Áþekkt
- Tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 kraka, 5 hl, 6 fh, 8 ástæka, 10 rs, 11 úti, 12 span, 13 sítt, 15 tígull, 17 karla.
LÓDRÉTT: 1 klíkast, 2 riss, 3 átt, 4 afsta, 7 hríngla, 9 kúpur, 12 sigla, 14 lík, 16 líl.

Skák Gunnar Björnsson

Kovacs átti leik gen Beni í Vín árið 1950.

- Hd8+! Rxd8 2. Dxd8+ Kh7
 - Rg5+ Kh6 4. Rxf7+ Dxf7
 - Dh4+ Kg6 6. Dh5# 1-0.
- Íslenska liðið endaði í 31. sæti á Ólympíumóti 16 ára og yngri sem lauk í Tyrklandi í gær. Ágætis frammiastaða á afar sterku móti.
www.skak.is: Ólympíuskák-mótið



Hvítur á leik

4	7	6	3	9	2	5	1	8
8	5	9	1	6	4	3	7	2
1	2	3	5	7	8	4	6	9
6	4	1	2	8	3	7	9	5
2	3	5	9	4	7	6	8	1
9	8	7	6	1	5	2	3	4
3	6	8	4	2	1	9	5	7
5	1	4	7	3	9	8	2	6
7	9	2	8	5	6	1	4	3
5	8	6	4	1	7	9	2	3
7	9	1	2	5	3	4	6	8
2	3	4	6	8	9	5	1	7
8	1	3	7	2	5	6	4	9
4	2	5	9	3	6	7	8	1
6	7	9	8	4	1	2	3	5
9	4	7	1	6	8	3	5	2
1	5	2	3	7	4	8	9	6
3	6	8	5	9	2	1	7	4
5	8	4	7	1	3	9	2	6
2	3	9	4	5	6	1	7	8
6	7	8	5	3	4	2	9	1
9	1	3	2	7	8	6	4	5
4	5	2	9	6	1	8	3	7
3	9	6	1	4	5	7	8	2
1	2	5	3	8	7	4	6	9
8	4	7	6	2	9	5	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!
VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ
MANNBRODDUMNUM



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara **BRAX**

Góður **nætursvefn** er okkur öllum mikilvægur



Nú fæst **SAGAPRO** 60 stykki í áldósum

- SAGAPRO er vinsælasta fæðubótarefnið meðal þeirra sem kljást við ofvirka blöðru og tíð þvaglát
- 1 af hverjum 100 Íslendingum notar SAGAPRO til þess að öðlast meiri lífsgæði
- SAGAPRO er unnið úr lífrænni ætíhvönn frá Hrísey

SAGAPRO hefur hjálpað Íslendingum að fá góðan nætursvefn í 14 ár. Getur verið að það hjálpi þér?

Óbærilegur harmur í biðstofu sorgarinnar

LEIKHÚS

Eitur



eftir Lot Vekemans

Borgarleikhúsið

Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir

Leikarar: Nína Dögg Filippusdóttir og Hilmir Snær Guðnason

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Þórunn María Jónsdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Tónlist og hljóðmynd: Garðar Borgþórsson

Þýðing: Ragna Sigurðardóttir

Hún og hann bera engin nöfn, einungis óbærilegan harm. Tíu árum eftir að hann fór frá henni á gamlárskvöldi hittast þau aftur í skrifstofubýggingu kirkjugarðs. Barnsmisinn hafa þau aldrei rætt sín á milli og uppgjör við fortíðina er óhjákvæmilegt. Hollenska leikritið Eitur eftir Lot Vekemans var frumsýnt síðastliðinn laugardag og markar endurkomu Kristínar Jóhannesdóttur í Borgarleikhúsið, en sýningar undir hennar stjórn vekja ávallt eftirvæntingu.

Leikrit Vekemans kryfur sorgina á margslunginn máta, skoðar hana frá mörgum sjónarhornum og



Enginn áhorfandi fer úr salnum ósnortinn, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins. MYND GRÍMUR BJARNASON



Download from Dreamstime.com

LAUF – FÉLAG FLOGAVEIKRA 7.NÓV 2019

KL 16-18,30
GRAND HÓTEL v SIGTÚN

MÁLÞING: Lífið með flogaveiki

Tölum um lífið með flogaveiki, hlustum á erindi, spjöllum, spyrjum.

kaffiveitingar



**Halldór Sævar
Guðbergsson,
varaformaður Öbí**

**Ágúst Hilmarrson,
læknir á
taugadeild
Landspítala**

**Heiðrún Berglind
Finnsdóttir,
CrossFit þjálfari**

**Daniel Wirkner,
gullsmiður**

**Elva Dögg Hafberg
Gunnarsdóttir,
skemmtikraftur**

**LAUF – FÉLAG
FLOGAVEIKRA**
HÁTÚNI 10,
105 REYKJAVÍK

S.551-4570

WWW.LAUF.IS

LAUF@VORTEX.IS

stillir aðalpersónunum upp í einvígi. Þegar samtölin eru upp á sitt besta hljóma þau eins og sunginn prósi, setningar hafa engan endapunkt, fremur fljóta hver inn í aðra. Heimur verksins er dularfullur og biðstofan er lituð með natúralískum tönnum. En um leið og höfundur fer að vísa út fyrir persónulega sorg karakteranna veikist textinn. Þar af leiðandi er þriðji hlutinn kraftminnstur og leikverkið fjarar út í stað þess að ná einhvers konar hápunkti, kannski eins og lífið sjálft.

Nákvæmur leikur

Nína Dögg Filippusdóttir hefur úr erfiðara hlutverki að spila. Ekki einungis vegna þess að sorg hennar er svo óheft heldur líka vegna þess að hlutverkið er óræðara. Hér er kona sem er búin að drekkja sér í sorginni síðastliðinn áratug og er fyrir löngu búin að tapa tilganginum í lífinu. Að halda slíku tilfinningalegu uppnámi í nær niútiú mínútur er ansi flókið en að mestu nær Nína Dögg að leysa það verkefni án þess að missa karakterinn frá sér.

Á móti henni stendur síðan Hilmir Snær Guðnason í hlutverki hans, öruggari í fasi en harmurinn er alltaf ekki sinni sorg en hún er sjáanleg úr augum hans, eitthvað sem einungis er á færi þeirra allra bestu. Samleikur þeirra einkennist af nánd og góðri hlustun. En þriðja hlutann eiga þau erfiðast með þegar handritið nánast bregst þeim en með nákvæmum leik, einlægni og hjálp Leonards Bernstein komast þau saman yfir þróskuldinn.

Eftirminnilegar myndir

Fagurfræði og nálgun Kristínar er skýr í Eitri, eins og í flestum hennar sýningum. Eitur er leikin án hlés, þannig er hinn viðkvæmi heimur verksins aldrei brotinn upp. Að sama skapi hikar hún ekki við að beita ýmsum listrænum brögðum til að brjóta upp framvinduna, þar leika þöglu milliatriðin stórt hlutverk. Myndirnar sem hún teiknar upp í sínum sýningum eru eftir-

**ÞEGAR SAMTÖLIN ERU
UPP Á SITT BESTA
HLJÓMA ÞAU EINS OG SUNGINN
PRÓSI, SETNINGAR HAFU ENGAN
ENDAPUNKT FREMUR FLJÓTA
INN Í HVERJA AÐRA.**

minnilegar og Eitur skilur eftir sig margar slíkar.

Búningar Þórunnar Maríu Jónsdóttur endurspeglar ágætlega staðinn sem persónurnar eru á í lífinu; hann í fallega samansettum jakka-fötum en hún tættari. Vandamálið er að peysusamansetning hennar virkar illa, bæði passar peysan illa á hana og rauði bolurinn undir er truflandi. Smáatriði sem þessi verða hrópandi áberandi í sýningu þar sem naumhyggjan er við völd.

Leikmynd Barkar Jónssonar og hljóðmynd Garðars Borgþórssonar vinna fallega hvor á móti annarri. Hönnun Barkar er köld eins og steinsteypa í rigningunni en glugginn út í japanska sandgarðinn skapar von um betri tíð. Bæði tónlistin og hljóðmyndin virðast sem úr öðrum heimi, jafnvel að handan, sem setur dulmagnadan tón inn í þetta iðnaðarumhverfi.

Sorgin heldur syrgjendum í heljargreipum, hún hverfur aldrei en hægt er að lifa með henni. Eitur er laglega skrifað á köflum og sum samtölin skera djúpt. Hvort hann eða hún komist einhvern timann úr biðstofu sorgarinnar er óljóst en Kristín og hennar hópur sér til þess að enginn áhorfandi fer úr salnum ósnortinn.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Átakanleg sýning um uppgjör við lífið og dauðann.



Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

6. NÓVEMBER 2019

Orðsins list

Hvað? Hver er staðan í endurheimt votlendis?

Hvenær? 8.30-11.00
Hvar? Kaldalón, Hörpu
„Er klukkan orðin fimm? Vangaveltur um tímasetningu björgunaraðgerða“ er yfirskrift fundar sem Votlendissjóður efnir til.

Hvað? Fræðsluerindi
Hvenær? 12.00-13.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
Magnús Karl Magnússon, læknir og prófessor, flytur erindi á vegum Vísindafélags Íslands um nóbelsverðlaunin í læknisfræði 2019.

Tónlist

Hvað? Stórtónleikar
Hvenær? 19.30
Hvar? Háskólabíó

Skólahljómsveit Kópavogs leikur tónlist sem tengist Barnasáttmálanum. Stjórnendur: Össur Geirsson og Jóhann Björn Ævarsson.

Hvað? Tónleikar Slayer
Hvenær? 19.30
Hvar? Bíó Paradís
Tónleikarnir eru sýndir samtímis í kvikmyndahúsum um allan heim.

Hvað? Kvintett Sigurðar Flosasonar / Hans Olding á Múlanum
Hvenær? 6. nóvember kl. 21.00
Hvar? Múllinn jazzklúbbur, Björtu-loft, Hörpu

Hvað? Langi Seli og Skuggarnir
Hvenær? 21.00-23.00
Hvar? Petersen svítan, Hin rúmlega 30 ára gamla sveit

spilar sína frumsömdu tónlist með tilbrigðum við rokkabilýið og roksöguna.

Aðrir viðburðir

Hvað? Teiknismiðja
Hvenær? 16.00-17.30
Hvar? Borgarbókasafnið, Árbæ Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarmaður og starfsmaður safnsins, verður þátttakendum innan handar. Ókeypis þátttaka.

Hvað? Skrekkur – undanúrslit
Hvenær? 20.00
Hvar? Borgarleikhúsið
Fulltrúar átta grunnskóla í Reykjavík keppa um að komast á úrslitakvöldið.

Miklar væntingar

BÆKUR

Við erum ekki morðingjar

★★★★★

Dagur Hjartarson

Útgefandi: JPV útgáfa

Fjöldi síðna: 173

Skáldsagan Við erum ekki morðingjar eftir Dagur Hjartarson er nokkurs konar myrk spennusaga um unga konu sem skrifar bók sem leggur líf hennar í rúst. Þetta er önnur skáldsaga Dags en fyrsta skáldsaga hans, Síðasta ástarjóningin, var tilnefnd Bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins.

Þegar Við erum ekki morðingjar hefst er ár liðið frá útgáfu bókarinnar umdeildu og líf konunnar er í algjörru upplausn. Kærastinn sparkaði henni út á guð og gaddinn, hún er vinalaus og er lögð í einelti á samfélagsmiðlum.

Þegar hún fær svo óvænt tækifæri til þess að setjast niður með ókunnugum meðleigjanda sínum og segja honum sína hlið málsins þá grípur hún gæsina en hefur einungis til þess eina nátt. Meðleigjandinn er á leiðinni úr landi og leitast höfundur þannig við að hámarka spennu frásagnarinnar.

Strax á fyrstu síðum bókarinnar byggir Dagur upp miklar væntingar hjá lesanda hvað varðar framhaldið. Ekki nóg með það að öll atburðarás verksins snúi að því að upplýsa lesanda um innihald bókarinnar margumræddu heldur er gefið sterklega til kynna snemma í verkinu að meðleigjandinn búi yfir myrku leyndarmáli.

Á sama tíma og söguþráðurinn er nokkuð spennandi á köflum þá skemmir fyrir hversu höfuðpersónur sögunnar, rithöfundurinn ungi og meðleigjandi hennar, eru litlausar og vekja litlar sem engar tilfinningar hjá lesanda. Sögumaðurinn á til að mynda að vera ung kona í tilvistarkreppu sem aldrei hefur myndað almennileg tengsl við neinn, nema fyrrverandi kærastann, sem kenndi henni að gráta. Samt sem áður er hún einhvers konar snillingur sem var semíúx í menntaskóla og fær útgáfusamninga hægri, vinstri.

Skemmtilegustu sprettir verksins eru þeir sem snúa að sköpun bókarinnar umdeildu, allt frá því að söguhetjan lokar sig af í litlu húsi á Stokkseyri og skrifar frá sér allt vit til útgáfu þar sem hún missir tók á eigin verki. Dagur veltir upp ýmsum áhugaverðum spurningum um siðferðisleg vafamál í íslenskum samtíma og er sá þáttur verksins sem snýr að elitu íslenskrar bókaútgáfu líka litríkur og skemmtilegur.

Eins verður að minnast á endi verksins sem er nokkur vonbrigði og skilar ekki því sem lesanda var lofað en búið var að byggja upp væntingar um í góðar 150 blaðsíður.

Bryndís Silja Pálmadóttir

NIÐURSTAÐA: Spennusaga með skemmtilegum sprettum en skilar ekki nægilega miklu.

„SANNKALLAÐUR YNDISLESTUR“

RP / MORGUNBLAÐIÐ

Áhrifamikil fjölskyldusaga eftir Steinunni Helgadóttur um leitina að hamingjunni, breyskleika og óvænta krafta.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-16 | www.forlagid.is



Rás 2 fylgist náið með



ICELAND AIRWAVES



Poppland

Fim. og fös. kl. 12.40-16

Bein útsending frá Slippbarnum, einum af "off-venue" stöðum hátíðarinnar. Púlsinn tekinn á því sem er að gerast á hátíðinni og spjallað við góða gesti.

Morgunútvarpið

Föstudag kl. 7-9

Bein útsending frá Slippbarnum.

Morgunkaffið

Laugardag kl. 9-12.20

Bein útsending frá Slippbarnum.

Stórtónleikar Airwaves

Laugardagskvöld kl. 19.25-1

Bein útsending frá stórtónleikum í Valsheimilínu. Daði Freyr, Agent Fresco, Chai, Vök og Of Monsters and Men koma fram.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 12.35 Kastljós
- 12.50 Menningin
- 13.00 Útsvar 2018-2019
- 14.15 Mósaik
- 14.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
- 16.10 Króníkan
- 17.15 Sporið Íslensk þáttaröð í sex hlutum um dans. Þar er leitað svara við spurningum um hvers vegna fólk dansar, hvernig dansgleðin kviknar og hvers vegna sumir fæðast flinkir dansarar en aðrir taktlausir flækjufætur. Farið verður yfir sögu dansins á Íslandi, mismunandi danstegundir kannaðar og við kynnumst því hvernig dansinn brýst fram á ólíklegustu stöðum. Umsjón: Guðrún Sóley Gestsdóttir. Framleiðsla: Skot. e.
- 17.45 Táknafréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Tímonir & Pumba Vinirnir Tímonir og Pumba sem fyrst saust í Konungi ljónanna ferðast um heiminn og bralla ýmislegt misgáfulegt.
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.26 Sögur úr Andabæ – Himnæræningjarnir... í skýjunum
- 18.50 Krakkafréttir
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífnum, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
- 20.05 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason. Dagskrárgerð: Einar Rafnsson.
- 21.00 Skytturnar Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttanna fræknu og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Aðalhlutverk: Tom Burke, Luke Pasqualino og Santiago Cabrera. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Ku Klux Klan: Baráttan fyrir yfirburðum hvíttra (KKK: The Fight for White Supremacy) Heimildarmynd frá BBC þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn Dan Murdoch ræðir við meðlimi haturs- og ófga-samtakanna Ku Klux Klan í Bandaríkjunum um skoðanir þeirra á yfirburðum hvíta kynstofnsins.
- 23.15 Kveikur Jarðakaup | Ratcliffes. Vikulegur fréttaskýringaþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku.
- 23.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

- 06.25 Bermuda Championship
- 09.40 Golfing World 2019
- 10.30 Bermuda Championship
- 13.30 HSBC Champions
- 21.15 Golfing World 2019
- 22.05 Champions Tour Highlights 2019
- 23.00 Bermuda Championship

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 08.42 The Late Late Show
- 09.23 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.25 The King of Queens
- 12.47 How I Met Your Mother
- 13.08 Dr. Phil
- 13.51 Single Parents
- 14.13 Ást
- 14.36 Top Chef
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 The Good Place
- 19.45 Life in Pieces
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Stumptown
- 22.35 Beyond
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 NCIS
- 00.50 The Loudest Voice
- 01.45 The Passage
- 02.30 In the Dark
- 03.15 The Code
- 04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Stormsker
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsgagan: Að breyta fjalli
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.20 I Am Sam
- 13.30 Dear Dumb Diary
- 15.00 Going in Style
- 16.40 I Am Sam
- 18.50 Dear Dumb Diary
- 20.20 Going in Style
- 22.00 Unforgettable
- 23.40 American Fango
- 01.25 Marshall
- 03.20 Unforgettable

STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.20 Grey's Anatomy
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Two and a Half Men
- 09.50 Mom
- 10.10 I Feel Bad
- 10.35 The Good Doctor
- 11.20 PJ Karsjó
- 11.45 Bomban
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Strictly Come Dancing
- 14.20 Grand Designs: Australia
- 15.10 Falleg íslensk heimili
- 15.40 Í eldhúsi Evu
- 16.15 Jamie's Quick and Easy Food
- 16.40 Gulli byggir: Einingahús og smáhýsi
- 17.15 The Big Bang Theory
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 Vikingalotto
- 19.10 First Dates
- 20.00 Ísskápastríð
- 20.35 Grey's Anatomy Sextánda þáttaröð þessa vinsæla dramaþátta um lífið á Grey Sloan Memorial spítalanum í Seattle-borg þar sem skurðlækninn Meredith Grey og samstarfsfélagar hennar þurfa daglega að taka ákvarðanir uppá líf og dauða.
- 21.20 Mrs. Fletcher 1
- 21.50 Orange is the New Black
- 22.50 Room 104
- 23.20 The Blacklist Sjöunda spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red.
- 00.00 Mr. Mercedes
- 00.50 Springfloden
- 01.35 Springfloden
- 02.20 Springfloden
- 03.05 I Am Evidence

STÖÐ 3

- 19.15 The Middle
- 19.40 The Big Bang Theory
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 20.50 Splitting Up Together
- 21.15 Roswell, New Mexico
- 22.10 Sally4Ever
- 22.45 Underground
- 23.30 Supergirl
- 00.15 Batwoman
- 01.00 The Middle
- 01.25 The Big Bang Theory
- 01.45 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.30 Ensku deildabikarmörkin 2019/2020
- 08.00 Spænsku mörkin 2019/2020
- 08.30 Chelsea - Ajax
- 10.10 Dortmund - Inter
- 11.50 Liverpool - Genk
- 13.30 Barcelona - Slavia Prag
- 15.10 Meistaradeildarmörkin
- 15.40 Vitoria - Arsenal
- 17.45 Fram - KA
- 19.15 Meistaradeildarmessan
- 22.00 Meistaradeildarmörkin
- 22.30 Seinni bylgjan - Fjórðungs-uppgjör
- 23.35 Skallagrimur - Breiðablik

STÖÐ 2 SPORT 2

- 17.45 Bayern - Olympiacos
- 19.50 Atalanta - Manchester City

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

ILVA

OPIÐ Í DAG 11-22

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM OG

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM

AÐEINS Í DAG 6. NÓVEMBER

DAGSKRÁ EFTIR KL.18:00

- Ristaðar möndlur í boði ILVA
- Gjafapokar fyrir fyrstu 100 sem versla yfir 10.000 kr.
- Ostakynning MS
- Lifandi tónlist - Friðrik Ómar kl. 20
- Vínkynning



*Gildir ekki um vörur á áður lækkuðu verði. Afsláttur reiknast af við kassa.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

 netgíró
VALITOR

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)

Frá Lækjargötu yfir grínvíglinu Kína

Þrjár íslenskar uppistandsgrínskyttur eru komnar yfir viðkvæma grínvíglinu Kína til þess að skemmta í Alþýðuveldinu en ætla sér þó ekki að ganga svo langt að þær eigi ekki afturkvæmt.

Íslenskir uppistandsgrínistar eiga sitt varnarþing í The Secret Cellar í Lækjargötu og þaðan voru í fyrri-nótt þrjár skyttur, Þórhallur Þórhallsson, Helgi Steinar Gunnlaugsson og Bjarni Baldvinsson, gerðar út í fimmtán daga túr til Alþýðulýðveldisins Kína.

„Grínað í Kína,“ sagði Þórhallur við Fréttablaðið rétt áður en hann lagði í þennan heldur óvænta leiðangur þar sem þeir félagar munu troða upp í fjórum borgum, þar á meðan „adal stöðunum“ Peking og Sjanghai.

„Ég er samt að vonast til þess að þeir átti sig ekki á því að sonur Grínverjans er að mæta á svæðið,“ heldur hann áfram en verandi sonur sjálfs Ladda er spaugið honum í blóð borið.

Bullar ekki á mandarín

Þórhallur segist aðspurður ekki vita betur en að áhugi sé á vestrennu uppistandi í Kína þótt vissulega stígi þremmingarnir þarna inn í framandi menningar- og málheim.

„Það virðist vera einhver hópur affólki þarna sem fylgdist með uppistandi á ensku þannig að við þurftum ekkert að læra kínversku fyrir ferðina. Ég bulla ekki á mandarínu. Ég kann ekki mandarínu,“ segir hann með vísan til mest talaða tungumáls veraldar, mandarínkínversku.

„Við erum bara svo heppnir að Helgi Steinar bjó þarna úti þegar hann var í námi þannig að hann kann kínversku.“ Íslendingarnir verða því líklega ekki alveg eins og sauðir á framandi slóðum. „Hann er svona maðurinn sem leiðir hópinn þannig að við verðum ekki alveg í ruglinu og hann passar upp á að við étum ekki eitthvað mjög skrytið.“

Þá er þriðji maðurinn, Bjarni „töframaður“ Baldvinsson, eigandi The Secret Cellar, sæmilega veraldarvanur fyrir utan að „það þarf að hafa eigandann góðan og hafa hann með“.

EKKI endilega ferð til fjár

Þórhallur hefur ekki komið til Kína áður og segir þessa gamanferð yfir hálfan hnöttinn hafa komið upp fyrir þremur vikum eða svo. „Ég bjóst nú ekki við því að ég ætti eftir að fara þangað, allavegana ekki með uppistand. Það er mjög spennandi.“

Þetta er ekkert rosalegur fyrirvari en Helgi Steinar er með góð sambönd við klúbbana þarna úti og það var auðvelt fyrir hann að plana þetta. Hann er bara að draga okkur með.“

Þótt kínverski markaðurinn sé risastór gerir Þórhallur ekki ráð fyrir að þremmingarnir muni sækja mikið gull í greipar kerskinna Kínverja. „Þetta er adallega bara ævintýri. Bara það að fara þangað, upplifa menninguna, hitta og sjá fólk og hvernig það tekur í íslenskt grín. Á ensku. Og er svo ekki „selfie“ á Kínamúrnum skylda?“



Visað til Kína. Uppistandstrióið Bjarni „töframaður“ Baldvinsson, Helgi Steinar Gunnlaugsson og Þórhallur Þórhallsson skreið í góðum filing upp úr leyndardómsfulla grínkjallaranum í Lækjargötu alla leið til Kína.

ÞAD ER BÚIÐ AÐ VARA OKKUR VIÐ AÐ TALA EKKI MIKIÐ UM PÓLÍTIK, SÉRSTAKLEGA EKKI KÍNVERSKA PÓLÍTIK.

segja ef við ætlum að koma aftur heim,“ segir Þórhallur sem segist eiginlega stíga sjálfkrafa til jarðar á kínverskri grundu.

„Ég geri líka yfirleitt bara grín að sjálfum mér. Ég næ aldrei að móðga sjálfan mig og þannig ekki heldur neinn annan. Ég veit allavegana hvar ég hef mig og tek því ekkert mjög illa þegar ég er að gera grín að sjálfum mér.“

Þórhallur gerir ekki ráð fyrir tíðindaleysi af leiðangrinum á meðan þeir eru utan þjónustusvæðis samfélagsmiðla í kínverska ritskóðunarveldinu. „Facebook, Snapchat, Instagram og allt þetta er bannað í Kína þannig að við verðum bara utan þjónustusvæðis. En ef ekkert hefur heyrst í okkur eftir 21. nóvember þá kannski megid þið fara að hafa áhyggjur, tékka á okkur og hringja í Guðlaug Þór í utanríkisráðuneytinu.“

toti@frettabladid.is

Után þjónustusvæðis

Menningarmunurinn er Þórhalli mätulega ofarlega í huga og hann ætlar ekki að taka neina óþarfa sénsa á sviðinu. „Það er búið að vara okkur við að tala ekki mikið um pólitík, sérstaklega ekki kínverska pólitík. Okkur er ráðlagt að halda okkur svolítið fjarri því. Það er að

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu
www.fannlaeknathjonusta.is

DORMA

Lattu drauminn rættast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR

Fyrir þínar
bestu stundir



POLO
hægindastóll

40%
AFSLÁTTUR

Klassískur hægindastóll.
Brúnt eða svart PU-leður.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins 23.940 kr.



AUSTIN
hægindastóll

30%
AFSLÁTTUR

Mjög þægilegur hæginda-
stóll. Svart leður á slitflötum.

Fullt verð: 89.900 kr.

Aðeins 62.930 kr.

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Þú finnur jólabækling Dorma á www.doma.is

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagarðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Lattu drauminn rættast

SÍMAR AUGLÝSINGADELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason guustaf@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is, **FOLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, **FOLK OG SERBLÖÐ EFTIR:** Elin Alvísdóttir elin@frettabladid.is, **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrónnar Helgason hronnar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is, **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir guadrunga@frettabladid.is

KOMDU Í HÖLLINA Í KVÖLD!

JÓLAKVÖLD Í HÖLLINNI

Bíldshöfða 20, Reykjavík

6. nóvember
kl. 19⁰⁰–22⁰⁰

UPPLIFÐU YNDISLEGA JÓLASTEMNINGU MEÐ OKKUR

Léttar veitingar
og ljúfir jólatónar í
bland við skemmti-
legar upptakomur



Ljúfir tónar frá
Jóni Jónssyni og
Friðriki Dór

100
FYRSTU SEM
VERSLA* FÁ
GLAÐNING
FRÁ OKKUR



* Fyrir 2.000 kr. eða meira

Allar
smávörur
með 25%
afslætti!*



*Gildir ekki ofan á önnur tilböð eða jólavörð



SMAKKAÐU Á JÓLUNUM

JÓLAOSTAR OG -GÓÐGÆTI



JÓLAKONFEKT



LÉTTVÍNSKYNNING



JÓLADRYKKIR



HEITRISTAÐAR KANIL-
MÖNDLUR AÐ
DÖNSKUM
SÍÐ



Reykjavík
Bíldshöfði 20 – S: 558 1100
www.husgagnahollin.is

JÓLAKVÖLD VERÐUR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI Á AKUREYRI
FÖSTUDAGINN 8. NÓVEMBER KL. 19⁰⁰–22⁰⁰



HÚSGAGNA
HÖLLIN



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Varðmennirnir

Öllu valdi fylgir ábyrgð og miklu valdi fylgir mikil ábyrgð. Valdi verður ávallt að setja mörk því þau sem fara með völd hafa tilhneigingu til að seilast alltaf aðeins lengra og lengra. Eftirlitsstofnanir okkar gegna mikilvægu hlutverki og hafa um leið mikil völd. Þær vernda almenning og önnur fyrirtæki gegn ólögumtrúnaði, sem er blessunarlega fátíð á Íslandi.

Það verður seint sagt að lögfræði sé kýrskýrt fræðasvið. Oft greinir fólk á um hvað sé lögmætt og hvað ekki. Til þess að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu sem best er mikilvægt að þær búi við einfalt og skýrt lagaumhverfi. Það auðveldar líka fólki og fyrirtækjum að fara að lögum. Þegar kemur að samkeppnislögum bætist hagfræðilegt mat við hið lögfræðilega. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum í að útskýra að hagfræði er heldur ekki nákvæmnisvísindi. Það er því sérstaklega mikilvægt að samkeppnislög séu skýr.

Í þessu eins og öðru ættum við ekki að vera að reyna að finna upp hjólið heldur líta til þess hvernig menn haga hlutunum á Norðurlöndum og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Með nýju frumvarpi sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur kynnt er einmitt verið að gera þetta. Færa samkeppnislögin nær Evrópu um leið og þau eru einfölduð og Samkeppniseftirlitinu gefið svigrúm til að sinna betur því sem skiptir mestu máli.

Rómverska skáldið Juvenal spurði hver gætti varðmannanna. Á Íslandi er svarið við því einfalt: Það er ríkisstjórnar og Alþingis að setja eftirlitsaðilum skordur og skilgreina mörk fyrir þá til að fara eftir.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN

GOTTERÍ

Verð áður:

1.990

990

KR/KG


Kvikk
ON THE GO



Ótrúlegt líf Ásdísar Höllu

Ásdís Halla Bragadóttir er fyrsti viðmælandi Loga Bergmanns sem snýr aftur í **Sjónvarp Símans Premium** á morgun. Í lífi Ásdísar Höllu hefur gleði og sorg togast á en hugrekki og ást verið við stjórnvölinn.

Þátturinn er í opinni dagskrá klukkan 20.10 í Sjónvarpi Símans.



MÉR LOGGA

siminn.is

Merrild

herra
GARDURINN
-klæðir þig vel